



„Svo miklu meira en bara skólaleikrit”

Upplifun unglunga af þátttöku sinni í Skrekk, hæfileikakeppni
grunnskóla í Reykjavík

Róshildur Björnsdóttir

Þuríður Davíðsdóttir

Lokaverkefni til BA-prófs

Íþróttá-, tómsunda- og þroskaþjálfadeild



HÁSKÓLI ÍSLANDS
MENNTAVÍSINDASVIÐ

„Svo miklu meira en bara skólaleikrit”
***Upplifun unglunga af þátttöku sinni í Skrekk, hæfileikakeppni
grunnskóla í Reykjavík***

Róshildur Björnsdóttir og Þuríður Davíðsdóttir

Lokaverkefni til B.A.-prófs í Tómsunda- og félagsmálafræði

Leiðbeinandi: Eygló Rúnarsdóttir

Íprótta-, tómsunda- og þroskaþjálfadeild
Menntavísindasvið Háskóla Íslands
Júní 2016

„Svo miklu meira en bara skólaleikrit“

Ritgerð þessi er 10 eininga lokaverkefni til Bakkalár-prófs
í Tómsunda- og félagsmálafræði við Íþróttá-, tómsunda- og
þroskaþjálfadeild,
Menntavísindasviði Háskóla Íslands

© Róshildur Björnsdóttir og Þuríður Davíðsdóttir 2016
Óheimilt að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi höfundar.

Prentun: Háskólaprent ehf.
Reykjavík, 2016

Ágrip

Þetta verkefni er lokaritgerð til BA-prófs í tólstunda- og félagsmálafræði við Háskóla Íslands. Verkefnið er rannsóknarskýrsla um upplifun unglunga af þátttöku sinni í Skrekk, hæfileikakeppni grunnskóla í Reykjavík. Í skýrslunni er að finna fræðilega umfjöllun um unglingsárin, þar sem einkum er fjallað um þroska unglunga út frá kenningum Erikson og Piaget. Einnig er fjallað um kenningar og rannsóknir á sviði mismunandi lista, viðburða, hópa og óformlegs náms. Leitast er við að fá innsýn í upplifun unglingsins af þátttöku hans í Skrekk, skilja mikilvægi viðburðarins fyrir unglínginn og sjá viðburðinn með augum hans. Notast var við eígnalega rannsókn þar sem tekin voru fjögur hálfopin einstaklingsviðtöl við unglunga sem allir hafa tekið þátt í Skrekk einu sinni eða oftar. Rýnt var í viðtölin og þau greind niður í þemu sem voru m.a. mikilvægi Skrekks, tækifæri og reynslunám. Niðurstöður rannsóknarinnar benda til þess að unglíngar sem taka þátt í Skrekk upplifa viðburðinn á jákvæðan hátt.

Unglíngar, hópastarf, viðburður, Skrekkur, reynslunám, óformlegt nám, sviðslist.

Efnisyfirlit

Ágrip	3
Myndaskrá	7
Formáli	8
1 Inngangur	10
2 Unglingsárin	12
2.1 Að vinna með unglungum.....	14
2.3 Unglingar og listir.....	16
2.3.1 Leiklist.....	17
2.3.2 Tónlist.....	18
2.3.3 Dans.....	18
2.2 Unglingar og hópar.....	19
3 Viðburðir	21
3.1 Skilgreiningar á viðburði.....	21
3.2 Einkenni og markmið viðburða.....	23
3.3 Upplifun viðburða.....	24
4 Óformlegt nám	27
5 Skrekkur	30
5.1 Gildi Skrekks.....	31
6 Aðferðarfræði rannsókna	33
6.1 Eigindleg rannsóknaraðferð.....	33
6.2 Tilgangs úrtak.....	34
6.3 Viðtöl.....	34
6.4 Framkvæmd.....	35
6.5 Viðmælendur.....	36
7 Niðurstöður	37
7.1 Áhugi á listum.....	37
7.2 Reynslunám.....	38
7.3 Forgangsröðun og álag.....	40
7.4 Starfsfólk keppinnar og atvinnuleikhús.....	42
7.5 Tækifæri.....	44
7.6 Hópurinn.....	45

7.7 Mikilvægi Skrekks	46
7.8 Boðskapur.....	48
8 Umræður	50
Heimildaskrá	53
Viðauki 1: Leyfisbréf	58
Viðauki 2: Spurningar fyrir viðtöl.....	60

Myndaskrá

- Mynd 1.** Erikson, E. H. (1971). *Identity: Youth and crisis*. London: Faber og Faber.....14
- Mynd 2.** Jakob Frímann Þorsteinsson. (2011). *Að leika, læra og þroskast úti*. Reykjavík: Áskorun.....29
- Mynd 3.** Morgunblaðið. (1990, 1. desember). *Færri komust á Skrekkinn en vildu*. Sótt af http://timarit.is/view_page_init.jsp?pageId=1733925.....32

Formáli

Uppspretta þessa verkefnis af hálfu rannsakenda, Róshildar Björnsdóttur og Þuríðar Davíðsdóttur, er brennandi áhugi á leiklist og vinna með unglingum. Á öðru ári í tómstunda- og félagsmálafræði við Háskóla Ísland ber nemendum skylda að taka námskeið sem heitir viðburða- og verkefnastjórnun. Þar vorum við settar saman í verkefnishóp. Þar með kviknaði áhugi á enn einum þætti sem jafnframt er til umfjöllunar í þessu verkefni, viðburðir.

Á einu vorkvöldi í Reykjavík tókum við þá ákvörðun að skrifa lokaverkefnið okkar saman. Við byrjun skólaárs 2015-16 var komið að því að taka ákvörðun um hvað ætti að fjalla í lokaverkefninu. Fundur var haldinn með öllum nemendum sem voru að fara að skrifa lokaverkefni sín þetta skólaárið og var það Jakob Frímann Þorsteinsson kennari sem sá um þann fund ásamt Eygló Rúnarsdóttur kennara. Á þessum fundi talaði Jakob um nokkrar hugmyndir að lokaverkefnum og var ein af þeim um Skrekk. Þarna var verkefni sem var samblanda af öllum þeim þáttum sem við höfðum mikinn áhuga á leiklist, unglingum og viðburðum. Með því var ákvörðunin tekin, lokaverkefni okkar yrði um Skrekk.

Skrekkur er hæfileikakeppni grunnskóla í Reykjavík sem eru með unglingadeild og eru litlar sem engar heimildir til um þann viðburð. Þetta fannst höfundum forvitnilegt og einkennilegt þar sem Skrekkur er stór viðburður í unglingamenningunni og hluti af árlegu starfi flestra grunnskóla í Reykjavík. Höfundar vildu því kynna sér þetta betur.

Við viljum fyrst og fremst þakka stuðninginn frá fjölskyldum og vinum okkar. Þá sérstaklega þegar kom að því að sjá um börnin okkar þegar við þurftum að loka okkur af til þess að skrifa. Einnig viljum við þakka Eygló Rúnarsdóttir, leiðbeinanda okkar, innilega fyrir að standa þétt við bakið á okkur og líta yfir öxlina á okkur og minna okkur á það sem við vorum búnar að gleyma. Sérstakar þakkir fær Héðinn Sveinbjörnsson fyrir að leyfa okkur að fylgjast með ferlinu í kringum Skrekk 2015 og sitja fyrir svörum.

Þetta lokaverkefni er samið af okkur undirrituðum. Við höfum kynnt okkur *Síðareglur Háskóla Íslands* (2003, 7. nóvember, <http://www.hi.is/is/skolinn/sidareglur>) og fylgt þeim

samkvæmt bestu vitund. Við vísum til alls efnis sem við höfum sótt til annarra eða fyrri eigin verka, hvort sem um er að ræða ábendingar, myndir, efni eða orðalag. Við þökkum öllum sem lagt hafa okkur lið með einum eða öðrum hætti en berum sjálfar ábyrgð á því sem missagt kann að vera. Þetta staðfestum við með undirskrift okkar.

Reykjavík, 10. maí 2016

1 Inngangur

Í íslenskri menningu er ekki mikið um viðburði sem er sérstaklega beint að unglíngum. Þeir viðburðir sem eru nú þegar til staðar eru m.a. Skólahreysti, Músíktílaunir, Samfestingurinn og Skrekkur. Flestir hafa gaman að því að mæta á viðburði af hvers kyns tagi. Ástæður þess að fólk mæti þurfa alls ekki að vera flóknar og geta einungis verið til þess að hafa gaman. Unglíngar eru engin undantekning þar á. Rannsakendum finnst að íslenskt samfélag mætti hlúa meira að íslenskri unglíngamenningu.

Nú hefur Skrekkur verið haldinn í 26 ár og segja má að margir einstaklíngar viti hvað Skrekkur er í dag. Þetta er viðburður sem er í raun orðinn stór partur af menningu reykvískra unglínga og jafnvel fleiri unglínga utan höfuðborgarsvæðisins þar sem viðburðurinn er sýndur í sjónvarpi og því nær hann til fjölda fólks á öllum aldri. Þrátt fyrir það eru til litlar sem engar rannsóknir eða heimildir um Skrekk. Þetta fannst okkur rannsakendum nokkuð einkennilegt, að svo stóran viðburður væri ekki búið að rannsaka eða skoðaða meira. Við ákváðum í fyrstu að rannsaka viðburðinn út frá sjónarhorni verkefnisstjóra Skrekks og þátttöku unglíngsins en við vinnslu rannsóknarinnar þróaðist hún á annan veg.

Markmið rannsóknar er að fá innsýn í hug þátttakenda Skrekks. Rannsakendur vildu fá að vita hvaða merkingu Skrekkur hefur þátttakendur og hvort ávinningur sé af þátttöku í slíkri keppni og ef svo er í hverju hann felst. Með því fá rannsakendur betri skilning á tilgangi keppninnar í huga unglíngsins.

Í þessari rannsóknarskýrslu verður byrjað á að fjalla almennt um fræðilegan bakgrunn rannsóknar. Fyrst verður farið í unglíngsárin út frá kenningum Eirkson og Piaget og næst í unglínga og listir. Því næst er það hópar og hópastarf þar sem það er stór partur af Skrekk. Einnig verður fyrirbærið viðburður skoðað og hvernig þeir virka. Í næsta kafla þar á eftir verður fjallað um óformlegt nám út frá hugmyndum Kolbs og Dewey. Því næst verður um viðburðinn Skrekk, uppruna hans, gildi og hlutverk verkefnisstjóra. Farið verður svo yfir aðferðafræði rannsóknarinnar, eigindlega rannsóknaraðferð sem rannsakendur notuðust við og hvernig rannsóknin fór fram. Niðurstöður rannsóknar verða settar fram sem og

umræður. Svo rannsakendur spyrja, hver er upplifun unglunga af þátttöku sinni í Skrekk, hæfileikakeppni grunnskóla í Reykjavík?

2 Unglingsárin

Það er margt sem á sér stað þegar einstaklingur fer í gegnum unglingsárin. Þetta er tími margvísilegra breytinga. Það eru ekki einungis líkamlegar breytingar sem eiga sér stað heldur einnig andlegar breytingar. Þetta er tímabil þar sem unglingurinn fer úr því hlutverki að vera barn yfir í það að verða bráðum fullorðinn (Gladding, 2003: 275-277; Adda Rún Valdimarsdóttir og Hulda Valdís Valdimarsdóttir, e.d:35). Í þessum hluta ritgerðarinnar verður farið yfir unglingsárin út frá sjónarhornum sálfræðinganna Erikson og Piaget, hvernig það er að vinna með unglungum, hvernig list getur tengst unglungum og hvaða áhrif hún hefur á þá.

Unglingsárin einkennast af sjálfsuppgötvun og er því sjálfsmýnd unglingsins í mikilli mótun á þessum árum (Gladding, 2003: 275-277; Adda Rún Valdimarsdóttir og Hulda Valdís Valdimarsdóttir, e.d:35).

Á unglingsárunum fer hugmyndin að sjálfinu að myndast. Innri og ytri þættir fara að hafa áhrif á aukna meðvitund unglingsins og hann fer að huga að því hver hann er, hvaða stefnu hann ætlar að taka í lífinu, hvað hann trúir á og hvort hann passi inn í samfélagið sem fyrir honum er mjög flókið (Everall, Bostik og Paulson, 2005:696; Vander Kolk, 1985: 308). Margt hefur breyst í gegnum árin og unglingar nútímans standa nú frammi fyrir mun fjölbreyttara vali en áður og vafalaust eru einhverjir unglingar sem munu finnast erfitt að finna sjálfan sig. Unglingar finna fyrir miklu óöryggi, hræðslu við það að vera öðruvísi og því vilja þeir síður skera sig úr hópnum. Yfirleitt vilja þeir líkjast jafnöldrum sínum. Mikill tími fer því í að vera með vinum til þess að finna fyrir haldi og trausti og jafnframt leitar unglingurinn sér viðmiða þar (Aldís Guðmundsdóttir, 1992:141-149).

Skeið	Aldur	
1	0 - 1 árs	Traust eða vantraust
2	1 - 3 ára	Sjálfstæði eða skömm
3	3 - 6 ára	Frumkvæði eða sektarkennd
4	6 - 12 ára	Iðjusemi eða vanmáttarkennd
5	12 - 20 ára	Sjálfmynd eða sjálfmyndarruglingur
6	20 - 40 ára	Nánd eða einangrun
7	40 - 65 ára	Skapandi eða stöðnun
8	65 +	Sáttur eða örvænting

Mynd 1. Átta þroskaskeið Eriksson. Einfaldað og aðlagð frá Erikson (1971:94)

Samkvæmt kenningu Erikson (1971: 91-95; Richard Stevenson, 2008:48-59) ganga allir einstaklingar í gegnum ákveðin þroskaskeið frá vöggu til grafar og eru þau átta talsins.

Hvert þroskaskeið hefur samkvæmt kenningu hans eitt ákveðið verkefni sem allir einstaklingar þurfa að takast á við og því betur sem þeim tekst upp með það því betur eru einstaklingarnir undirbúnir fyrir næsta þroskaskeið og styrkleikar einstaklinganna aukast.

Þó að einstaklingi takist ekki að leysa þetta ákveðna verkefni sem má finna á hverju þroskaskeiði, þá er alltaf möguleiki fyrir hann að bæta styrkleika sína seinna meir. Það er hinsvegar auðveldara að afla sér ákveðna styrkleika við hvert þroskaskeið. Þegar einstaklingur er á aldrinum 12 – 20 ára er hann á fimmta skeiðinu samkvæmt Erikson. Á fimmta skeiðinu ríkir mikil sálfræðileg togstreita á milli sjálfsmýndar og sjálfsmýndarruglings, þar sem aðalmarkmið skeiðsins er að finna sína eigin sjálfsmýnd. Þetta þroskaskeið er eitt viðkvæmasta skeiðið sem einstaklingur gengur í gegnum (Erikson, 1971:128 – 129; Sigurlína Davíðsdóttir, 2006; Berger, 2011:434).

Svissneskur sálfræðingur Piaget setti fram kenningu um vitsmunþroska barna. Hann taldi að hægt væri að skipta þroskaferli barna í tiltekin þróunarstig líkt og átta þroskaskeið Erikson. Hvert stig einkennist af tilteknum hæfileikum, tiltekinni andlegri getu (Charles, 1981:IV). Hann vildi meina að börn hugsu ekki eins og fullorðið fólk heldur hafi þau sína eigin mynd og hugmyndir af tilverunni og heiminum í kringum sig. Mesti lærdómur barna á sér stað af hlutrænni reynslu þeirra og að það er eðlilegt að þau þurfi að vera sífellt að

kanna heiminn í kringum sig, reyna að botna í honum. Með því á sér stað raunverulegt nám, börnin öðlast nýtanlega og varanlega þekkingu (Charles, 1981:1-4).

Hvert þroskastig tekur við af öðru. Það er þó einstaklingsbundið á hvaða aldri börn færast úr einu stigi í annað en hvert stig á við ákveðið aldurstímabil. Þessi þroskastig eru:

- Skynhreyfistig 0-2 ára
- Forhugtakstig 2-4 ára
- Innsæis- eða hugboðsskilningur 4-7 ára
- Hlutlæg rökhugsun (hlutlægar aðgerðir) 7-11 ára
- Formleg rökhugsun (formlegar aðgerðir) 11-15 ára

(Charles, 1981:4; Shaffer:2002-221-242)

Samkvæmt Piaget er barn komið á stig formlegrar rökhugsunar við 11 ára aldurinn. Hugsanagangur barnsins fer að verða svipaður og hjá fullorðnum einstaklingi, það fer að hugsa afstætt. Með því getur barnið farið að hugsa um hugtök án þess að þau tengist öðrum hlutum. Sem dæmi má nefna hugtök eins og ást, tryggð og fleira. Á þessum árum áttar það sig á nýtilkomnum hæfileika sem miðar í átt að því að það geti sett fram ályktanir út frá ákveðnum forsendum. Þau fara að hugsa út fyrir kassann og velta hlutunum fyrir sér í stærra samhengi svo sem hvernig hlutirnir eru og hvernig þeir gætu orðið (Charles, 1981: 21-23).

2.1 Að vinna með unglíngum

Þar sem unglíngurinn er að takast á við margvíslegar nýjar áskoranir á unglíngsárunum og margar spurningar vakna, svo sem hver er ég, hvernig vil ég vera og hverjar eru fyrirmyndir mínar, er mikilvægt að hafa í huga hverjir það eru sem hafa áhrif á unglínginn og hans skoðanir. Það má segja að á þessum árum eru jafningjahópar unglíngsins hvað mikilvægastir og því eru áhrif þeirra mikil (Reykjavík, 2014:14). En það eru ekki einungis jafningjahópar sem hafa áhrif heldur eru það einnig fullorðnir einstaklingar í nærumhverfi þeirra, svo sem starfsfólk í félagsmiðstöðvum. Samkvæmt Öddu Rúnu Valdimarsdóttur og Huldu Valdísi Valdimarsdóttur (e.d.: 4-35) gegnir starfsfólk félagsmiðstöðva gríðarstóru hlutverki þegar kemur að uppeldi barna og unglínga. Það má segja að starfsfólkið sé fyrirmynd unglíngana og oftast en ekki setja þau sig í mörg mismunandi hlutverk t.d. að

vera fræðari, ráðgjafi og trúnaðarvinur. Því er mikilvægt að fólk sem vinnur með unglingum átti sig á hversu viðkvæmt tímabil unglingsárin getur verið og að unglingar spegla sig í þeim aðilum sem þeir umgangast mest.

Sambönd unglinga við fullorðna sem skilgreindir voru sem mikilvægir fullorðnir (*e. very important nonparental adults*) og hvers eðli samband þeirra væri var rannsakað af Beam, Chen og Greenberger (2002:305-325). Samkvæmt Beam, Chen og Greenberger eru mikilvægir fullorðnir skilgreindir á þann hátt að þeir eru einstaklingar sem eru að lágmarki 21 árs og eru ekki foreldri eða forráðamaður unglingsins sem um ræðir. Hinn mikilvægi fullorðni þarf að hafa mikil áhrif á unglingsinn eða vera aðili sem unglingsurinn getur treyst á í nauð eða getur talist vera fyrirmynd unglingsins. Þessi rannsókn leiddi í ljós að stór hluti unglingsanna sem tóku þátt í rannsókninni áttu í þýðingarmiklu sambandi við mikilvægan fullorðinn. Þessi niðurstaða gefur vísbendingar um að slík sambönd séu eðlilegur hluti af þroska unglinga. Niðurstöðurnar gefa einnig til kynna að í sambandi sínu við unglingsinn nái mikilvægir fullorðnir að samtvinna jákvæða eiginleika fullorðins einstaklings og vináttusamband milli jafningja. Kostir sambandsins felast í framkomu hinna mikilvægu fullorðnu í garð unglingsanna. Samkvæmt unglingsunum sem tóku þátt í rannsókninni var það mat þeirra að þeir komu fram við unglingsinn af virðingu, veittu tilfinningalegan stuðning, voru ræðnir og studdu þétt við bakið á unglingsnum í tengslum við áhugamál þeirra.

Í grein sinni segir Williamson (2005:72) frá því þegar hann var eitt sinn spurður hvað þyrfti til að vera góður ungmennastarfsmaður (*e. youth worker*). Hann fór beint í það að hugsa um hina hefðbundnu hæfni ungmennastarfsmanns (*e. youth work skills*) en svar hans var nokkuð öðruvísi. Fyrst og fremst þá telur hann að einstaklingur sem vinnur með ungu fólki þurfi að hafa einstaklega næma hlustun. Með því geti einstaklingurinn bæði aðlagð sig að tungumáli unga fólksins og verið meðvitaður um kvíða þeirra og áhyggjur. Því næst þarf einstaklingurinn að vera með góðan húmor og einnig vera með endalausa þolinmæði. Unglingar bregðast best við leiðbeinendum sem eru opnir, hreinskilnir, sannir sjálfum sér og eru góðar fyrirmyndir fyrir unglingsana sem unnið er með (Gladding, 2003: 285-286).

Þegar unnið er með unglingsum þarf starfsmaðurinn að hafa margt í huga þ.á.m. hlutverki hann gegnir. Starfsmaðurinn þarf að gera sér grein fyrir því að hann gegnir

einskonar uppeldislutverki. Unglingar eru að leita sér að aðila sem getur staðið með þeim og leiðbeint þeim. Þeir eru að leita eftir fyrirmynd og því er mikilvægt fyrir starfsmanninn að vera sterk og jákvæð fyrirmynd, koma fram við unglinginn á jafningjagrundvelli og veita honum virðingu.

2.3 Unglingar og listir

„Sagt er að sérhvert barn sé listamaður. Vandinn er hinsvegar að viðhalda listamanninum í barninu þegar það vex úr grasi“

(Anna Jeppesen og Ása Helga Ragnarsdóttir. 2004:8).

Það er ýmislegt sem listin getur kennt einstaklingum. Hún getur hjálpað til við að rækta skilningsvit okkar og víkkað ímyndunaraflið. Í gegnum listina getur verið auðveldara fyrir okkur að skynja það sem við getum ekki snert, séð eða bragðað á í raunveruleikanum, þ.e. hina áþreifanlegu hluti. Hún veitir einstaklingum fyrirmyndir sem gefur þeim ný sjónarhorn á lífið og veitir þeim tækifæri og verkfæri til að fást við hin ýmsu verkefni á listrænan og skapandi hátt. Listin hefur þann eiginleika að geta kennt einstaklingum að sjá það sem þeir hefðu ekki annars tekið eftir, fundið fyrir því sem hefði annars ekki snert þá og með því geta einstaklingar nýtt sér listrænan hugsunarhátt sem leiðir til endursköpunar á þeim sjálfum (Eisner, 2002:4-5). Oftar en ekki fara unglingar að velta fyrir sér heimspekilegum hlutum um lífið og tilveruna og út frá þeim vangaveltum finna margir fyrir tilfinningunni að þurfa að skapa eitthvað, svo sem að semja sögu, yrkja ljóð o.s.frv. Unglingar reyna að finna hinar ýmsu leiðir til þess að koma hugmyndum sínum á framfæri á skapandi hátt. Þessar hugmyndir eru yfirleitt nokkuð einfaldar eða jafnvel full bjartsýnar en það er vegna þess að unglunga skortir reynslu frekar en hæfni (Aldís Guðmundsdóttir, 1992:198).

Í forvarnarstefnu Reykjavíkurborgar (2014:5) er að finna helstu áherslur þeirra á fjölskylduvænt og heilsueflandi samfélagi. Þar kemur m.a. fram að öll börn eigi að fá jöfn tækifæri til þess að tileinka sér heilbrigðan lífstíl og að þeim líði vel og hafi sterka sjálfsmynd. Mikilvægt sé að hlúa að umhverfi barna og unglunga með því sjá til þess að umhverfi þeirra sé öruggt og uppbyggilegt. Ef unglingar og börn eru með sterka og jákvæða sjálfsmynd, góða félagsfærni og stunda heilbriggt lífverni eru þau á góðri leið til að

takast á við lífið og tilveruna. Góð leið til þess að styrkja sjálfsmynd og félagsfærni þeirra er virk þátttaka í skóla- og frístundarstarf.

Lu og Hu (2005:325-342) rannsökuðu áhrif tómsunda (*e. leisure*) hjá ungu fólki. Þar kom skýrt fram að skammtíma áhrif tómsunda eru meðal annars jákvætt hugarfar, aukin skipulagsfærni og góð líkamleg heilsa. Rannsóknin sýndi meðal annars að ávinningur langtíma tómsundariðkunar er til dæmis aukin hamingja, auknir möguleikar til menntunar (*e. educational benefits*) og samkennd (*e. social intergration*).

Hilary Bungay og Trish Vella-Burrows (2013:42) rannsökuðu ungt fólk á aldrinum 11 - 18 ára sem tók þátt í skapandi tómsundum (*e. creative activities*). Niðurstöðurnar bentu til þess að þátttaka í skapandi tómsundum getur haft jákvæð áhrif á hegðun ungs fólks, sjálfstraust (*e. self-confidence*), sjálfsálit (*e. self-esteem*), vitneskju (*e. levels of knowledge*) og líkamlega hreyfingu þeirra.

2.3.1 Leiklist

Anna Jeppesen og Ása Helga Ragnarsdóttir (2004:8) segja að leiklist geti bætt samstarfshæfni nemenda, þeir læri að bera virðingu fyrir skoðunum annarra og með því aukist umburðarlyndi þeirra. Ásamt því geti leiklist aðstoðað nemendur með framkomu, að tjá tilfinningar sínar og skoðanir, raddbeitingu, bætt ímyndunaraflíð og sköpunargleðina. Með því að læra leiklist öðlast nemendur yfirleitt nýja sýn á samfélagið og umheiminn. Úr þessu verða til einskona tól sem þau geta notað til að tjá sig og útskýra mál sitt með mikilli innlifun og næmni. Þar á meðal kynnast þau mismunandi leiðum til að læra eitthvað nýtt. Leiklist og leikræn tjáning getur verið frelsandi fyrir einstaklinga sem eru feimnir og frekar lokaðir. Með því að setja sig í hlutverk annarrar persónu getur einstaklingurinn gleymt feimninni og látið ljós sitt skína án þess að hafa áhyggjur af því hvað öðrum finnst eða hvað aðrir segja (Burges, 1992: 20).

Kristín Á. Ólafsdóttir (2005) vitnar í Brian Way í grein sinni en samkvæmt honum getur leiklist eða leikræn tjáning eflt tilfinningaþroska, félagsfærni og innsæi og því ætti hún að vera aðgengileg öllum börnum og unglingum. Grundvöllur að góðum árangri í leiklist er að þátttakendur treysti hver öðrum (Þórey Sigþórsdóttir, 2009:12).

Það má því segja að leiklist geti haft mikil jákvæð áhrif á einstaklinga. Leiklist getur aðstoðað einstaklinga að yfirstíga feimni, tjá tilfinningar sínar, víkka ímyndunaraflíð og

jafnvel fá nýja sýn á samfélagið. Því er um að gera að leyfa öllum að prófa sig áfram í leiklist þar sem möguleikarnir á jákvæðum áhrifum eru miklir.

2.3.2 Tónlist

Árið 2014 var talið að um 17% stráka og stelpna á Íslandi í 9. og 10. bekk stunduðu tónlistarnám (Hrefna o.fl., 2015:11).

Niðurstöður rannsóknar Bryndísar Bjarkar Ásgeirsdóttur og Ingu Dóru Sigfúsdóttur (2004:9-19) um gildi tónlistarnáms fyrir íslensk ungmenni gefa til kynna að jákvæðara viðhorf gagnvart námi og skóla megi finna hjá þeim unglingum sem stunda reglulegt tónlistarnám. Þar af leiðandi voru einkunnir hjá þeim unglingum hærrí samanborið við jafnaldra þeirra sem stunduðu ekki tónlistarnám. Niðurstöðurnar bentu einnig til þess að tónlistarnám haldi nemendum frá ákveðnum vímuefnum svo sem reykingum og áfengi.

Samkvæmt rannsókn Hille og Schupp (2014: 56-67) eru unglingar sem stunda tónlistarnám með hærri meðaleinkunn en jafnaldrar þeirra sem stunda ekki tónlistarnám og eru 8% líklegri til þess að halda áfram í námi. Ásamt því eru unglingarnir samviskusamari, opnari og metnaðargjarnari.

Því má áætla að tónlistarnám unglinga sé af hinu góða. Rannsóknir hafa gefið til kynna að þeim unglingum sem stunda tónlistarnám gangi betur í skóla en jafnöldrum sínum, þeir séu ólíklegri til að sýna áhættuhegðun og líklegri til að halda áfram í námi í framhaldsskóla.

2.3.3 Dans

Líkamlega hreyfing og áreynsla er afar mikilvæg öllum, börnum, unglingum og fullorðnum. Margar rannsóknir sýna fram á það að regluleg hreyfing svo sem að stunda íþróttir og/eða líkamspjálfun getur haft jákvæð áhrif á líðan unglinga (Álfgeir Logi Kristjánsson, Jón Sigfússon, Inga Dóra Sigfúsdóttir og Hrefna Pálsdóttir, 2012:31) Dæmi um líkamlega hreyfingu eru dans, sund, handbolti, skíði, hlaup og hjólreiðar (Lýðheilsustöð, 2006:23). Peter Lovatt (2015) danssálfræðingur segir í grein sinni að dans sé allra meina bót. Dans hefur jákvæð áhrif á heilsu og almenna líðan einstaklings. Einstaklingur sem dansar reglulega finnur fyrir minni þreytu og minni leiða (*e. depression*). Dans stuðlar að líkamlegri heilsu (*e. physical fitness*), styrkir hjartað og lungun. Dans er hreyfing sem styrkir vöðva, getur viðhaldið heilbrigðri þyngd og styrkir bein.

Börn og unglingar safna upp umfram orku (*e. excess energy*) sem þau þurfa að losa sig við. Dans getur veit þeim þann möguleika að losa sig við þessa orku og um leið losa sig við neikvæðar tilfinningar (Leitner og Leitner, 2012:19)

2.2 Unglingar og hópar

Til eru margar skilgreiningar á orðinu hópur. Sumir eru með eina almenna skilgreiningu á orðinu á meðan aðrir vilja greina í sundur hópa eftir ákveðnum einkennum sem má finna í hópum (Shaw, 1976: 6-9). Samkvæmt Hauki Inga Jónassyni og Helga Þór Jónssyni (2012:15-17) er skilgreiningin á hópi samansafn af fólki sem er allt meðvitað um að það tilheyri sömu heild.

Á unglingsárunum verja unglingar hvað mest af tímanum sínum í hópum. Þessir hópar eru eins mismunandi og þeir eru margir. Til dæmis má nefna fjölskylduna, skólafélaga og vini. Jafnaðrar unglinga eru þeim hvað mikilvægastir og geta jafningjahópar haft bæði neikvæð og jákvæð áhrif. Mikilvægt er að gildi og viðhorf hópsins séu jákvæð og uppbyggileg því að unglingar aðhæfa sig sterklega að gildum hópsins (Gladding, 2003:276). Að tilheyra hóp verður lífsmuðsynlegt á unglingsárum (Sigurjón Björnsson, 1986: 17).

Það fylgir því mikil togstreita að breytast úr barni í fullorðinn einstakling. Hópar stuðla m.a. að stuðningi í námi, minnka ytri og innri þrýsting og ýta undir þroska hjá einstaklingum. Hópar geta líka veitt einstaklingi það tækifæri að þjálfa upp samskiptahæfileika við annað fólk (Gladding, 2003:275-276). Samskiptahæfni er eitt það mikilvægasta sem við lærum og hefur áhrif á það hvernig einstaklingi gengur þegar hann fullorðnast. Með því að vera partur af hópi eða taka þátt í hópastarfi getur unglingurinn prófað sig áfram með raunveruleikann og skoðað hvar mörk hans liggur í samskiptum við annað fólk. Einnig með þátttöku í hópastarfi getur unglingurinn þróað með sér nánd og sjálfsvitund. Með aukinni sjálfsvitund ásamt því að hafa prófað sig áfram í samskiptum öðlast unglingurinn nýja og endurskoðaða persónulega hæfni. Ef vel er staðið að málum í hópastarfi fá unglingurinn að vera hann sjálfur þar (Gladding, 2003:291-295).

Í umfjöllun um þroska einstaklinga er oft mikil áhersla lögð á að sjálfsvitundin þroskist. Því vill oft gleymast að fjalla um mikilvægi þess að þroska með sér hópvitund.

Það þarf að gera unglíngum grein fyrir mikilvægi þess og því jákvæða ferli sem felst í því að tengjast og tilheyra öðrum. Hópastarf hjálpar unglíngum að fóta sig í samfélaginu þegar loksins kemur að því að þeir þurfi að standa á eigin fótum (Newman og Newman, 2001:521).

Mjög mikill lærdómur getur verið í því fyrir unglínga að taka þátt í skipulögðu hópastarfi þegar þeir eiga frítíma. Þar skapast vettvangur til þess að þjálfa samvinnu, samskipti og það að takast á við ágreining. Gott er að hafa í huga að aðalhvati unglínga er að geta lesið í hópinn og hvar þeir eru staddir í honum. Þeir vilja vita hvar þeir falla inn í sem þátttakendur og að hversu miklum verðleikum þeir eru metnir.

Unglíngar þarfnast þess að vera í kringum jafnaldra, hvort sem það er á þeirra eigin vegum eða í skipulögðu tómsundastarfi, til þess að geta þróað með sér nánd og sjálfsvitund.

3 Viðburðir

Viðburðir eru alls ekki nýtt fyrirbæri. Þeir hafa fylgt okkur í gegnum sögu mannkynsins. Í okkar daglega lífi koma viðburðir fyrir á allskyns hátt. Það er nú einu sinni þannig að í mannkynssögunni hafa alltaf verið tilefni til þess að fagna einhverju og fyrir fólk að koma saman (Quinn, 2013:37).

Áður en iðnbyltingin í Evrópu átti sér stað voru daglegar athafnir fólks reglulega skreyttar með ýmsum hátíðum. Einnig voru persónulegir viðburðir og staðbundnir viðburðir eins og trúarhátíðir eða afmæli algengir og eru enn í dag (Shone og Parry, 2013:6). Engar rannsóknir eru til á viðburðum fyrir unglinga.

3.1 Skilgreiningar á viðburði

Viðburðir eru jafn fjölbreyttir og þeir eru margir og því er erfitt að finna eina skilgreiningu sem passar fyrir alla viðburði eða það sem kallast sérstakur viðburður (*e. special event*). Ýmsir fræðimenn hafa fjallað um viðburði og viðburðatengd hugtök á allskyns fræðisviðum, t.d. á sviði menningarmála, ferðamála og tómstundafræða. Sökum þess hversu mörg svið viðburðir geta snert eru skilgreiningar á hugtakinu viðburðir á milli sviða mismunandi. Einnig geta skilgreiningar þessar verið mismunandi innan sama sviðs. Goldblatt (2002:6) segir að „í sérstökum viðburði felst einstök stund á afmörkuðum tíma sem fagnað er með athöfn eða helgisiðum til að uppfylla ákveðnar þarfir“. Getz (1997:4) vill hins vegar meina að ekki sé hægt að setja fram eina algilda og staðlaða skilgreiningu á því hvaða viðburðir teljist til sérstakra viðburði og setti hann því fram tvær ólíkar skilgreiningar. Önnur skilgreining hans leggur áherslu á upplifun þátttakenda í viðburði, en sérstakur viðburður er úrræði fyrir gesti eða þátttakendur til tómstunda, menningalegrar eða félagslegrar upplifunar utan hefðbundins vals eða handan hversdaglegrar reynslu. Hin skilgreining hans leggur áherslu á aðstandendur eða skipuleggjendur viðburða, eða að sérstakur viðburður sé sjaldséður eða stakur viðburður sem á sér stað utan venjubundinnar starfsemi aðstandenda eða viðburðarins. Jafnvel þó fyrri skilgreining Getz

gefi litla innsýn á áhrif viðburða á þátttakendur í honum þá gefur hún samt sem áður til kynna að í hverjum viðburði fyrir sig megi finna tækifæri til nýrrar reynslu og upplifunar. Þegar skilgreiningar þeirra beggja eru skoðaðar nánar er vel hægt að greina réttmæti þeirra. Eins og Goldblatt (2002:6) bendir á geta sérstakir viðburðir svo sannarlega gefið tilefni til fagnaðar og eru oft til komnir af einhverskonar starfsemi. Það getur verið misjafnt hvernig skipuleggjendur upplifa og sjá viðburðinn og eins getur verið ólíkt hvernig þátttakendur upplifa hann eins og Getz heldur fram. Þó svo hægt sé að greina réttmæti skilgreininga þeirra er einnig hægt að finna ýmsa vankanta á þeim.

Shone og Parry (2013:20) segja að skilgreining Goldblatt eigi ekki við viðburði eins og íþróttakeppnir og vörusýningar þó svo hún eigi vel við persónulega viðburði eins og brúðkaup og afmæli. Þeir segja einnig að seinni skilgreining Getz útiloki stofnanatengda viðburði. Viðburðir eru jafn mismunandi og þeir eru margir og eru því skilgreindir á marga vegu. Þetta einstaka fyrirbæri sprettur af einhverju óhversdagslegu sem er ekki inni í daglegu lífi fólks og séu því einstakir (*e. unique*). Viðburður hefur þann tilgang að fræða, skemmta, fagna eða skora á reynslu einhvers annars hóps (Quinn, 2013:14).

Einnig gerðu Shone og Parry (2013:6-7) tilraun til að flokka viðburði niður í fjóra flokka því ekki eru þeir allir með sömu einkenni. Þeir flokkar eru frítímaviðburðir (t.d. tómstunda- og íþróttastarf), menningarviðburðir (t.d. trúarhefðir), stofnanalegir viðburðir (t.d. góðgerðarstarfsemi) og svo persónulegir viðburðir (t.d. afmæli eða skírn).

Flokkar þessir geta skarast og getur sami viðburðurinn því heyrt undir fleiri en einn flokk. Til dæmis er útskrift úr háskóla bæði stofnanatengdur viðburður fyrir háskólann en einnig persónulegur viðburður fyrir nemandann og fjölskyldu hans (Shone og Parry, 2013:6-8).

Watt (1998:1-2) kom fram með skilgreiningu á þá leið að viðburður sé eitthvað sem skilur sig frá einhverju sem er til nú þegar. Viðburður er eitthvað sem á sér stað og hefur einhvern tilgang. Viðburður er eitthvað sem þarf að undirbúa. Hann verður ekki til af sjálfu sér. Hver viðburður er einstakur.

Markmið og tilgangur tómstundatengdra viðburða eru mismunandi eftir eðli hvers og eins viðburðar en þó má finna nokkur markmið sem svona viðburðir eiga sameiginlegt. Músíktílaunir, Skólahreysti og Skrekkur eru tómstundatengdir viðburðir og þar er hvatning ofarlega á lista yfir markmið. Skólahreysti er hreystikeppni milli unglíngastiga á

landsvísu (Skólahreysti, e.d.) og Músíktílaunir er viðburður þar sem ungar og óreyndar hljómsveitir, með meðlimum á aldrinum 13- 25 ára, fá tækifæri til þess að stíga sín fyrstu skref í heimi tónlistar (Músíktílaunir, e.d.) Viðburðir af þessu tagi hafa það almennt að markmiði að efla tómsundastarf hjá þátttakendum og efla þá til hreyfingar, nýsköpunar, heilbrigðari lífsstíls, tjáningar eða samskipta, allt eftir eðli hvers viðburðar. Annað einkennandi fyrir tómsundatengda viðburði er að skipuleggjendur þeirra vilja skapa vettvang fyrir aðstandendur og þátttakendur tómsundastarfsins þar sem þeir geta látið ljós sitt skína á sínu sviði, sýna afrakstur vinnunnar sem liggur á bakvið það sem þeir hafa unnið að og vekja athygli á starfinu. Það er því nokkuð ljóst að viðburðir spila mikilvægt og stórt hlutverk í tómsundastarfi. Listastarf býður uppá viðburði eins og listasýningar, tónleika, leiksýningar sem eru bæði fyrir unga og þá sem eldri eru. Skóla- og félagsstarf stendur fyrir ýmsum viðburðum á ári hverju t.d. skíðaferðum, skemmtikvöldum í félagsmiðstöð og fleira. Íþróttastarf er með fjölda viðburða t.d. æfingaleiki, skemmtikvöld, sýningar og íþróttamót (Pieper, 2009:60-65). Allt hefur þetta starf og viðburðir mótandi áhrif á unglíngamenningu.

3.2 Einkenni og markmið viðburða

Viðburðir eru mismunandi og upplifanir af þeim eru ólíkar. Þeir hafa mismunandi merkingu, áætlun og ásetning. Viðburðir geta haft ýmiskonar merkingu fyrir þátttakendur viðburðarins og skapað þeim dýrmæta reynslu (Getz, 2012:40- 41). Getz (2012:37) segir að hver viðburður eigi sér einungis stað einu sinni. Viðburðir eru óáþreifanlegir (Shone og Parry, 2013:21-22) en skilja eftir sig minningar sem mögulegt er að þreifa á í myndaalbúminu eða skoða á netmiðlum. Það er mikilvægt fyrir þá sem sjá um viðburði að hafa í huga að þeir skilji eftir eitthvað áþreifanlegt hjá þátttakendum.

Til þess að viðburður heppnist vel þarf að tryggja gott andrúmsloft og stemmningu (*e. ambience*). Viðburður sem hefur góða stemmningu er líklegri til velgengni ef halda á hann aftur. Á stærri viðburðum þarf allt að haldast í hendur til að tryggja góða stemningu, þar má nefna fólkið sem mætir, skreytingar, veitingar, tímasetningar og umhverfið (Shone og Parry, 2013:22).

Allir viðburðir eru mannamót, sama hvort þátttakendur eru margir eða fáir. Ef enginn sækir viðburð er vart um viðburð að ræða. Markaðssetning viðburða þarf því að vera góð svo að fólk sækir viðburðinn (Shone og Parry, 2013:24).

Eins og viðburðir eru misjafnir þá getur mismikil vinna staðið á bakvið þá. Eftir því sem viðburðir eru stærri og flóknari verða þeir vinnufrekari bæði í framkvæmd og skipulagningu. Góð samskipti verða að vera milli skipuleggjenda og viðburðastjóra eða viðskiptavinar. Mikil fyrirhöfn og tími getur farið í þessi samskipti.

Viðburðir eiga sér stað innan ákveðins tímaramma og ekkert má fara úrskaiðis í þeim málum (Shone og Parry, 2013:24). Dagsetningar og tímasetningar eru ákveðnar með fyrirvara svo þeir sem ætla sér að sækja viðburðinn geti gert ráðstafanir.

Þegar halda á viðburð eru markmiðin mismunandi, allt eftir umfangi þeirra. Eftirspurn eftir viðburðum er hægt að flokka niður á nokkra vegu. Fyrst má nefna nútímaeftirspurn (*e. current*), en þar er verið að svara eftirspurninni sem er hér og nú; framtíð (*e. future*), þar er verið að svara eftirspurn sem myndast þegar viðburður hefur róast; dulin eftirspurn (*e. latent*), það sem eftirspurnin er ekki ljós fyrir en boðið er upp á viðburðinn í fyrsta sinn og svo bæld eftirspurn (*e. suppressed*), en það er eftirspurnin sem er nú þegar til staðar eftir ákveðnum viðburði sem verður svo að fresta vegna staðsetningar, tíma, veðurs eða annars. Þegar setja á markmið varðandi viðburði er mikilvægt að vita hvers eðlis eftirspurnin er, af þessum þáttum sem taldir voru upp hér að ofan, og reyna að mæta henni (Shone og Parry, 2013:46).

Það getur reynst erfitt að skapa viðburð ef markmið hans eru ekki sett skýrt fram eða þau eru orðuð undarlega. Best er að setja markmiðin strax niður svo hægt sé að vinna að hverju markmiði fyrir sig svo þau náist öll (Watt, 1998:12).

3.3 Upplifun viðburða

Allskyns ástæður geta legið að baki hvers vegna fólk mætir á viðburði. Talað er um frum- og hliðarástæður þess og þær geta verið mismunandi eftir viðburðum, persónueinkennum og þjóðfélagsstöðu. Ástæður þess að fólk fer á viðburði þurfa alls ekki að vera flóknar. Sumir fara einfaldlega bara til þess að hafa gaman, vera félagslyndir og hamingjusamir (Shone og Parry, 2013:38). Þegar talað er um frum- og hliðarástæður getur

frumástæðan t.d. verið að fólki langaði á tónleika til þess að skemmta sér en hliðarástæðan er þá að það vilji slaka á. Ef talað er um stjórnámamann gæti frumástæða hans fyrir að mæta á sömu tónleika verið útaf hans stöðu og skyldum sem stjórnámamanns en hliðarástæðan verið skemmtun. Þó svo að samfélagið hafi þróast síðustu ár á sviði tækninnar hefur allt mannfólk þörf á félagslegum samskiptum. Því eru viðburðir drifnir áfram af félagslegum þáttum. Því er hvatinn oft fólgin í því að fólk mæti á viðburði út af félagslegu þáttunum, en geta ástæðurnar líka verið persónulegar (*e. personal*), líffræðilegar (*e. physiological*) eða atvinnutengdar (*e. organizational*) (Shone og Parry, 2013: 38-39). Upplifunin getur einnig verið mismunandi en bæði þeir sem standa að viðburði og sækja hann upplifa hann á mismunandi hátt. Hvatar þeirra til þess að mæta á viðburðinn eru ólíkir.

Í fræðum tengdum viðburðum er hugtakið upplifun mikilvæg því að viðburðir bjóða fólki upp á eitthvað sem er ólíkt þeirra daglega lífi (Quinn, 2013:42). Hver viðburður er einstakur og ekki partur af okkar daglega lífi. Ef skipuleggjendur átta sig ekki alveg á hver upplifun af viðburði sínum getur reynst erfitt að skipuleggja hann.

Hægt er að líta á hugtakið upplifun út frá allskyns sjónarhornum og getur hugtakið haft mismunandi merkingar. Skipta má upplifun niður í þrjá þætti, vitsmunalega, tilfinningalega og félagslega þætti. Vitsmunalegu þættirnir snúast um minni, dómgreind, vitund, skynjun og lærdómi. Þessir þættir eru líklegir til að koma í ljós á viðburðum tengdum heimi viðskipta þar sem þekking og menntun eru í fyrirrúmi. Þá er komið að tilfinningalegu þáttunum. Þeir eru aðallega fólgnir í tilfinningum, gildum og skynjun. Með því að skilgreina upplifun af einhverjum viðburði sem ánægjulegri endurspeglar það tilfinningar, á meðan félagslegir þættir upplifunar endurspeglar gildi. Skipuleggjendur viðburða leggja mikinn metnað í að heilla gesti viðburðarins. Í bók Getz (2013:196) talar hann um Kennels Citrene, viðburðarstjóra, en Citrene vildi meina að skipuleggjendur viðburða hafi „vá þátt“ (*e. wow-factor*) að leiðarljósi. Hann segir að gestir viðburðar eigi að labba inn og út af viðburði agndofa. Þar er átt við að þátttakendur viðburðarins upplifi hann á eftirminnilegan hátt. Það getur reynst vandi að kalla fram þennan „vá þátt“ á viðburðum, sérstaklega þar sem fólk er misjafnt eins og það er margt. Þannig gætu ungmenni sem eru að stíga í fyrsta sinn á svið í stóru leikhúsi, eins og á Skrekk, upplifað það öðruvísi en eldra fólk sem hefur lært leiklist. Ungmenni geta líka upplifað það

mismunandi eftir því hvort þau eru þátttakendur á sviði eða áhorfendur í sal.
Skipuleggjendur hafa því þarna stórt og verðugt verkefni að glíma við.

4 Óformlegt nám


Nám getur átt sér stað við ýmsar aðstæður og erum við öll að læra allt frá vöggu til grafar. Þegar talað er um nám er þó yfirleitt talað um nám eða fræðslu sem fer fram innan veggja skóla, það kallast formlegt nám (*e. formal education*). Það nám sem fer fram fyrir utan veggja hinna almennu skólstofu er skipt upp í tvo flokka, annars vegar óformlegt (*e. non-formal education*) og hins vegar formlegt nám (*e. formal education*). Óformlegt nám er nám sem fer fram utan veggja skólans en er samt sem áður skipulagt. Nemandinn hefur yfirleitt val um hvort hann tekur þátt í verkefnum eða ekki. Það nám sem fer fram er hvorki tilviljunarkennt né ófyrirséð. Óformlegt nám er bæði skipulagt og undirbúið eins og annað (formlegt) nám en námsþættir óformlegs náms eru yfirleitt miðaðir út frá því hver ávinningur þátttakenda geti orðið (Jakob Frímann Þorsteinsson, 2011:15-17). Óformlegt nám byggir á skilningi og túlkun þátttakenda á aðstæðum þar sem þeir eru að auka hæfni sína. Samskipti er því grunnurinn í óformlegu námi og mikil áhersla er lögð á mannleg samskipti.

Sá sem tekur þátt í óformlegu námi er ekki að gera það vegna skyldu heldur af eigin vilja. Það getur samt sem áður verið skipulagt nám. Aðferðir óformlegs náms snúast um virka þátttöku allra sem taka þátt og líta á þann sem lærir sem heildrænan einstakling. Óformlegt nám getur meðal annars farið fram með því að leysa ákveðin verkefni, í umræðuhópum eða í leik (Evrópa unga fólksins, e.d.).

Að vera partur af skipulagningu á viðburð felur í sér mikið reynslunám. Allt sem við lærum leiðir af sér einhverja reynslu. Hugtökin reynsla og upplifun falla þar undir. Reynsla er nátengt upplifun en hugtakið reynsla hefur margar merkingar en það getur verið lýsingarorð, sagnorð og nafnorð ásamt því að þýða bæði reynsla og upplifun. „*Til einföldunar má ef til vill líta á tengsl upplifunar og reynslu með þeim hætti að reynsla sé upplifun sem búið er að melta og læra af*” (Jakob Frímann Þorsteinsson, 2011:77-78). Reynslunám (*e. experiental learning*) má því útskýra sem nám í verki með ígrundun. Þessi heimspeki (*e. philosophy*) er byggð á því að fólk læri mest með beinni snertingu við námið. Besta leiðin til þess að læra er að gera það en ekki lesa um það í bók (Priest og Gass, 2005: 16-17). Sálfræðingurinn, heimspekingurinn og uppeldisfrömuðurinn John Dewey er einn

sá þekktasti innan hugmyndafræðinnar um reynslunám. Kenningar hans um reynslunám fjalla að mestu leyti um það að börn og ungmenni séu þannig byggð að þau séu virkir þátttakendur frekar en að fara aðeins eftir fyrirmælum leiðbeinanda. Ef reynslunám er tengt við námsgreinar má stuðla að auknum þroska (Árni Guðmundsson, 2007:27).

Allskyns líkön hafa komið fram í dagsljósið til þess að lýsa því hvernig unnið er með reynsluna. Vinsælt líkan um reynslu og nám var sett fram af háskólaprófessorum David A. Kolb (1984:12) og er kallað námshringur Kolbs og skiptist hann í fjögur skref. Líkan hans byggir á reynslumiðuðu námi og kenningum fjölda fræðimanna sem fjalla um viðfangsefnið út frá ólíkum sjónarhornum, m.a. á kenningum Dewey. Styrkur líkansins er einfaldleikinn þar sem auðvelt er að lesa út úr því og skýra það. Fyrsta skrefið er bein upplifun en í því skrefi fer verkefnið sjálft fram. Í öðru skrefinu er ígrundun. Eftir að verkefnið hefur klárast er umfjöllun um það en hún getur farið fram á ýmsan hátt svo sem í einrúmi, hópumræðum, dagbókarskrifum eða teikna mynd. Þriðja skrefið er alhæfing. Þar hugsum við hvað við lærðum og hvaða alhæfingar við getum dregið af þessari reynslu. Fjórða og síðasta skrefið er að yfirfæra þekkinguna sem var aflað á samsvarandi verkefni eða önnur verkefni.



Mynd 2. Námshringur Kolbs (Jakob Frímann Þorsteinsson, 2011:78)

Það er mjög mikilvægt fyrir þá sem koma að skipulagningu viðburða að ígrunda eftir á hvað hefði getað farið betur, þannig eru þeir að læra af reynslunni. Alltaf er hægt að læra eitthvað nýtt sem nýtist manni í starfi seinna meir. John Dewey (2000:50-51) sagði einnig að við lærum ekki af reynslunni, við lærum með því að ígrunda reynsluna. Þessu þurfa skipuleggjendur viðburða að gæta að svo framþróun geti átt sér stað, þá sérstaklega þeir sem skipuleggja viðburði fyrir ungt fólk.

5 Skrekkur

„Bara geggjasta viðburður sem nokkur unglingur getur tekið þátt í.“

(Héðinn Sveinbjörnsson, munnleg heimild, 12.janúar 2016)

Skrekkur er hæfileikakeppni grunnskóla í Reykjavík sem er haldin á hverju ári.

Viðburðurinn er einn af stærstu viðburðum sem unglingum í grunnskólum í Reykjavík býðst að taka þátt í og hefur verið haldinn frá árinu 1990, fyrst í Háskólabíó en árið 1992 flutti keppnin um set og yfir í Laugardagshöll. Borgarleikhúsið var fengið til þess að hýsa viðburðinn árið 2000 og hefur Skrekkur verið haldinn þar frá þeim tíma. Fyrirkomulag viðburðarins er þannig að allar unglingadeildir í grunnskólum Reykjavíkur geta sent frá sér eitt atriði til þess að keppa fyrir þeirra hönd í Skrekk (Reykjavik.is, e.d.). Áður fyrr var viðburðurinn haldin á einum degi þar sem allir skólarnir komu fram og því voru engar undankeppnir og reglur afar takmarkaðar. Sem dæmi má nefna voru engar tímatakmarkanir á atriðum (Reykjavíkurborg:2014:3).

Viðburðurinn hefur þróast og stækkað með árunum. Nú er keppt á þremur undanúrslitakvöldum og tvö atriði, sem valin eru af dómnefnd, frá hverju kvöldi komast áfram á úrslitakvöld sem valin er af dómnefnd. Einnig eru tvö atriði valin af dómnefnd til viðbótar svo kölluð „wild cards“ sem komast áfram í úrslit. Þessi atriði geta verið frá hvaða undanúrslitakvöldi sem er (Reykjavíkurborg, 2014:3.b). Úrslitakvöldið er svo sýnt í beinni útsendingu í sjónvarpinu (Reykjavik.is, e.d.). Einnig hefur reglum verið breytt þar sem að hvert atriði má einungis vera að hámarki sjö mínútur og einungis 35 keppendur mega koma að því (Reykjavíkurborg, 2014:4). Haustið 2015 tóku allir 25 grunnskólar í Reykjavík sem eru með unglingadeildir þátt í viðburðinum. Þegar Skrekkur byrjaði árið 1990 voru einungis 12 skólar sem tóku þátt. Það má áætla að frá upphafi Skrekks hafi um 20.000 unglingar verið þátttakendur (Reykjavíkurborg, 2014:5).

HÆFILEIKAKEPPNI

Færri komust á Skrekkinn en vildu

Það var mikið um að vera á „Skrekk '90“ í Háskólabíói á dögnum, húsfyllir og vel það og gifurleg stemmning. „Skrekkur '90“ var nafn á hæfileikakeppni grunnskólanna, en alls kepptu hópar frá 12 slíkum skólum í Reykjavík. Keppnin var haldin á vegum Íþrótt- og tómstundaráðs Reykjavíkur. Leikhópur frá Breiðholtsskóla bar sigur úr bítum, en keppni var hörð og spennandi enda margt afreksfólk á sveimi. Um 1.300 manns voru í húsinu, en færri komust að en vildu og varð að opna útgöngudyr til að leyfa þeim er úti stóðu að berja dýrdina augum. Myndirnar segja þó meira en mörg orð og þær verða því látnar tala hér.

Mynd 3. Frétt úr Morgunblaðinu (1990, 1. desember) eftir að Skrekkur var haldinn í fyrsta sinn.

Ef litið er til flokkunar Shone og Parry (2013:6-7) mætti telja Skrekk til frítímaviðburðar sem og menningarviðburðar þar sem unglingar taka þátt í viðburðinum í frítíma sínum og vegna áhuga.

5.1 Gildi Skrekks

Skrekkur hefur ýmis gildi fyrir þátttakendur viðburðarins sem og áhorfendur. Skrekkur getur ýtt undir sköpunargáfu unglingsins, styrkt sjálfsmynd hans, þjálfað hann í hópastarfi, kennt honum að hugsa út fyrir rammann o.fl.

„Undirbúningur viðburða gefur börnum og unglingum tækifæri til að koma eigin hugmyndum á framfæri og taka þátt í að

skipuleggja og framkvæma þær í samráði við starfsfólk sem getur verið afar lærdómsríkt ferli. Viðburðir veita gott tækifæri til að mynda persónuleg tengsl og skapa samkennd innan hópsins. Mjög oft eru börn og unglingar að upplifa nýja og spennandi hluti sem víkka hjá þeim sjóndeildarhringinn“

(Reykjavíkurborg, 2014).

Markmið með Skrekk er að unglingar fái tækifæri til þess að setja upp leikverk allt frá hugmynd til sviðsetningar (Reykjavíkurborg, 2014:4). Samkvæmt Héðni Sveinbjörnssyni, verkefnastjóra Skrekks, (munnleg heimild, 12.janúar 2016) veitir Skrekkur unglungum tækifæri á að sýna hæfileika sína í listum og fá einskonar viðurkenningu fyrir þátttöku sína.

Um leið og Skrekkur lýkur ár hvert hefst undirbúningur verkefnastjóra Skrekks fyrir keppni næsta árs. Unnið er að viðburðinum jafnt og þétt (Munnleg heimild, Héðinn Sveinbjörnsson, 12.janúar 2016). Þegar líður að viðburðinum boðar verkefnastjóri fulltrúa nemenda grunnskólanna í Reykjavík á fund þar sem farið er yfir það helsta sem tengist viðburðinum. Þetta er einskonar rýnifundur þar sem unglungarnir geta komið fram með sínar hugmyndir um breytingar á keppninni. Því næst boðar hann fulltrúa kennara og starfsfólks félagsmiðstöðva á fund þar sem hann kynnir þeim það helsta sem tengist viðburðinum. Til þess að allt gangi vel er gerð tímalína með öllum mikilvægum dagsetningum tengdar viðburðinum, svo sem heimsóknir í skóla og keppnikvöldin. Á hverju einasta ári er valið svokallað Skrekkslag sem kosið er af unglungum.

Einnig er lögð töluverð vinna í að ráðstafa kynnum fyrir keppnikvöldin og þurfa þessir kynnar að vera skapandi, hugmyndaríkir og átta sig á uppeldislegu hlutverki sínu og mikilvægi þess að vera góðar fyrirmyndir fyrir unglungana (Reykjavíkurborg, 2014:7-8).

Fyrir undankeppnirnar þarf verkefnastjóri að raða í riðla. Passa þarf að þrjú stærstu skólarnir séu ekki saman í riðli, en það er gert til þess að dreifa jafnt áhorfendum á öll þrjú undankvöldin (Munnleg heimild, Héðinn Sveinbjörnsson, 12. janúar 2016).

6 Aðferðarfræði rannsóknar

Í þessum kafla verður farið yfir markmið rannsóknarinnar og hvernig rannsakendur nálgust rannsóknarefnið. Einnig verður farið yfir hvaða rannsóknaraðferð var notuð og henni gerð skil. Þátttakendur í rannsókninni verða kynntir, hvernig þeir urðu fyrir valinu og framkvæmd rannsóknarinnar og greiningu gerð skil.

6.1 Eigindleg rannsóknaraðferð

Eigindlegar rannsóknaraðferðir (*e. quality research*) eiga sér djúpar rætur í heimspeki fyrri alda en það var ekki fyrr en á síðari hluta 20. aldar þar sem hugmyndirnar þróuðust í tiltekna rannsóknaraðferðir. Það er erfitt að gefa eina skilgreiningu á eigindlegum rannsóknum þar sem þær eru mjög fjölbreytilegar. Flestar eigindlegar rannsóknaraðferðir eiga það þó sameiginlegt að þær leitast við að skýra og lýsa tilteknum mannlegum fyrirbærum (Schutt, 2012:282-284)

Rannsóknaraðferðin sem varð fyrir valinu í þessari rannsókn er eigindleg. Eigindlegar aðferðir í rannsóknum ganga út á það að athuga líf fólks og atburði þeirra. Áhersla er lögð á hið daglega líf fólks og þeirra líðan. Með því að notast við þá aðferð fær rannsakandinn dýpri innsýn í þeirra félagslega veruleika. Rannsakendur leggja það á sig að fara og kanna upplifun fólks og leggja þannig merkingu í það sem á sér stað í lífi fólks (Schutt, 2012:282-284). Rannsakendur sem notast við eigindlega aðferð vita ekki fyrirfram hvað þeir gætu fundið í niðurstöðum rannsóknarinnar (Sigurlína Davíðsdóttir, 2013: 233).

Rannsakendur verja því töluverðum tíma í gagnagreiningu og liggja yfir rannsóknargögnunum og leyfa þeim að lifa með sér (*e. living with the data*) (Sigríður Halldórsdóttir, 2013:239). Í eigindlegum rannsóknum er gögnum safnað með skoðun, djúpvíðtölum og öðrum aðferðum sem miða að því að fanga upplifun fólks (Haukur Ingi Jónasson og Helgi Þór Ingason, 2012:42). Rannsakendur tóku einstaklingsviðtöl fyrir þessa rannsókn.

6.2 Tilgangs úrtak

Í þessari rannsókn var notast við tilgangsúrtak (*e. purposive sampling*). Þar fer valið á viðmælendum eftir því hverjir eiga best við tilgang og markmiði rannsóknarinnar. Viðmælendur eru því valdir út frá reynslu sinni sem tengist efninu sem verið er að rannsaka (Katrín Blöndal og Sigríður Halldórsdóttir, 2013:130).

Þegar þátttakendur eru valdir í tilgangsúrtak er mikilvægt að þeir hafi persónulega reynslu af því fyrirbæri sem verið er að rannsaka og hafi getu og áhuga á að lýsa sinni reynslu. Reynt er að velja fólk sem er ekki stutt í miðri reynslunni heldur fólk sem er búið með reynsluna og getur litið yfir farin veg, rifjað upp og miðlað reynslu sinni og ígrundað hana. Fjöldi þátttakenda eru einnig mismunandi eftir eðli rannsóknarinnar og markmiðum hennar. Rannsakandi getur bætti við þátttakendum eins og þörf er á (Sigríður Halldórsdóttir, 2013:287).

Viðmælendur rannsóknarinnar sem urðu fyrir valinu voru fjórir unglingar úr sama grunnskólanum. Rannsakendur þekktu til einstaklinga sem eru að vinna í þeim skóla sem viðmælendur eru í, því var auðvelt að nálgast þá nemendur sem opnir voru fyrir því að sitja fyrir svörum. Rannsakendur sáu til þess að allir viðmælendurnir höfðu reynslu af því að taka þátt í Skrekk a.m.k. einu sinni.

6.3 Viðtöl

Til eru tvennskonar viðtöl þegar notast er við eigindlega rannsóknaraðferð opin/djúp/óstöðluð (*e. unstructured, in-depth*) eða hálf opin (*e. semi-structured*). Segja má að með eigindlegum viðtölum er verið að rannsaka reynsluheim viðmælenda (Helga Jónsdóttir og Sigríður Halldórsdóttir, 2013:143-144).

Í þessari rannsókn var notast við hálf opin viðtöl. Þegar notast er við hálf opin viðtök eru rannsakendurnir búnir að undirbúa viðtalsspurningar en rannsakendur eru opnir fyrir að hlusta á viðmælandann þó hann fari út fyrir efnið. Rannsakendur hafa leyfi til þess að spyrja nýrra spurninga út frá svörum viðmælandans.

Vert er að hafa í huga að leyfa viðmælenda að tjá sig opinskátt og frjálsglega en innan ramma rannsóknarinnar og markmið hennar. Til þess að viðtal gangi sem best þarf rannsakandi að huga að traust ríki milli hans og viðmælenda. Einnig þurfa ákveðin tengsl

að skapast og einlægni að vera til staðar (Helga Jónsdóttir og Sigríður Halldórsdóttir, 2013:144-146).

Mikilvægur þáttur í því að velja sér viðmælendur fyrir rannsókn er að gæta þess að þeir hafi persónulega reynslu af viðfangi rannsóknarinnar og hafi áhuga og geti lýst reynslu sinni á persónulegan hátt. Oftar en ekki er reynt að velja viðmælendur sem hafa nú þegar tekið þátt í viðfangsefni rannsóknar og með því geta þeir rætt um það sem hefur átt sér stað og miðlað þannig af reynslu þeirra með ígrundun sem yfirleitt á sér stað þegar frá líður. Öllum viðmælendum skal vera gefið rannsóknarnafn (*e. pseudonym*) sem rannsakendur skrá niður í rannsóknarskýrslunni þegar vitnað er í þá og allir í rannsókninni þ.e.a.s. í allri kynningunni. Rannsakendur skulu aldrei undir neinum kringumstæðum gefa upp hið raunverulega nafn viðmælenda. Eitt af lykilatriðum í rannsóknarsíðfræði er að viðmælendur eiga að njóta algjörar nafnleyndar (Sigríður Halldórsdóttir, 2013:287-288). Þegar viðtalsstaður er valinn er mælt með því að velja stað þar sem viðmælendur þekkja umhverfið sitt vel (Sóley S. Bender og Sigríður Halldórsdóttir, 2013:303). Því tóku rannsakendur þá ákvörðun að taka viðtölin í einangruðu rými í grunnskóla viðmælenda.

6.4 Framkvæmd

Rannsakendur framkvæmdu rannsóknina í byrjun mars 2016. Öll viðtölin voru tekin í grunnskóla viðmælenda. Rannsakendur fengu aðgang að litlu herbergi sem var inn í skólastofu sem viðmælendur þekktu til. Fyrst voru tekin þrjú hálf opin einstaklings viðtöl við þátttakendur Skrekks 2015, ein stelpa og tveir strákar. Eftir smá íhugun tóku rannsakendur þá ákvörðun að bæta við einum viðmælenda í viðbót til þess að jafna út hlutfallið og fá betri innsýn. Því urðu viðmælendur tvær stelpur og tveir strákar. Fjórða viðtalið var tekið stuttu eftir hin viðtölin. Tekið skal fram að áður en viðtöl voru tekin sendu rannsakendur leyfisbréf til foreldra/forráðamanna viðmælenda vegna þess að þeir voru allir undir lögaldri. Rannsakendur fengu leyfisbréfin tilbaka undirrituð af tilvonandi viðmælendum og foreldrum/forráðamönnum þeirra. Þau voru upplýst um það hver tilgangur rannsóknarinnar væri og að gögnum yrði eytt eftir úrvinnslu. Afrit af leyfisbréfi má finna í viðauka 1. Rannsakendur tóku viðtölin eftir að hafa fengið leyfisbréfin undirrituð. Áður en viðtöl fóru fram formlega spjölluðu rannsakendur við viðmælendur

um tilgang rannsóknarinnar og fóru yfir það að viðmælendur þyrftu ekki að svara ef þeir vildu ekki. Rannsakendur báðu viðmælendur að svara opinskátt og ekki halda neinu aftur, það væru engin rétt eða röng svör. Viðtölin voru öll tekin upp með upptökuforriti í farsíma rannsakenda og voru þau síðan afrituð yfir á tölvutækt form, frá orði til orðs. Viðmælendum voru gefin dulnefni til að tryggja nafnleynd. Viðtölin voru greind niður í þemu eftir að rannsakendur lásu margsinnis yfir gögnin. Spurningaramma til viðmælanda rannsóknarinnar má sjá í viðauka 2. Taka skal fram að þar sem þetta voru hálf opin viðtöl var rannsakendum leyfilegt að spyrja spurninga sem ekki voru fyrirfram skráðar niður ef þeim fannst það eiga við markmið rannsóknar.

6.5 Viðmælendur

Viðmælendur voru fjórir unglingar og höfðu þeir allir tekið þátt í Skrekk, allt frá einu sinni upp í þrisvar. Allir áttu þeir það sameiginlegt að hafa tekið þátt í Skrekk árið 2015 og ganga allir í sama grunnskóla í Reykjavík. Viðmælendur voru tvær stelpur og tveir strákar í 10.bekk.

- Birta Arnarsdóttir er stelpa á 16. ári í 10. bekk. Hún æfir handbolta og hefur tvisvar sinnum tekið þátt í Skrekk.
- Baldur Arngrímsson er strákur á 16. ári í 10. bekk. Hann æfir á gítar og hefur einu sinni tekið þátt í Skrekk.
- Benjamín Albertsson er strákur á 16. ári í 10. bekk. Hann æfir fótbolta og einnig á gítar og hefur þrisvar sinnum tekið þátt í Skrekk.
- Björg Arnórsdóttir er stelpa á 16. ári í 10. bekk. Hún æfir handbolta og hefur tvisvar sinnum tekið þátt í Skrekk

7 Niðurstöður

Hér verður farið yfir þær niðurstöður sem rannsakendur fundu. Í kaflanum má meðal annars finna beinar tilvísanir frá viðmælendum. Við vinnslu þessarar rannsóknar breyttist markmiðið. Á meðan rannsakendur voru að vinna úr gögnum kom það skýrt fram í viðtölunum að það sem unglíngarnir voru að lýsa var upplifun þeirra. Upplifun þeirra á því að undirbúa sig fyrir Skrekk og taka þátt í Skrekk. Þetta fannst rannsakendum áhugavert og vildu því varpa ljósi á þess upplifun. Rannsakendur hafa skipt upplifunina í nokkur þemu en þar má nefna reynsluna, nám, álagið, forgangsröðun, starfsfólk Skrekks, tækifæri, hópurinn og keppnin sjálf.

7.1 Áhugi á listum

Allir viðmælendur voru sammála um það að hafa áhuga á listum. Hvort sem það var leiklist, dans og/eða tónlist. Samkvæmt þeim er Skrekkur einskona vettvangur fyrir unglínga til þess að sýna listir sínar og hæfileika á þeim sviðum. Rannsakendum fannst mjög áhugavert að heyra hversu mikill áhuginn var hjá hverjum og einum. Í gegnum viðtölin kom það skýrt fram að áhugi þeirra allra væri mjög mikill og þátttaka þeirra í Skrekk var einskona útrás fyrir þessu áhugamáli.

Viðmælendurnir voru spurðir út frá áhuga sínum hvort þau sæju sig vinna við listtengdar starfsgreinar í framtíðinni t.d. leikari, söngvari og/eða tónlistamaður. Þrír viðmælendur voru á einu máli um það að vilja halda áfram að vinna í þessu áhugamáli og finna sér starfsvettvang út frá því í framtíðinni.

„Leikkona, eitthvað tengt list já. Ég hef alltaf haft geðveikt mikinn áhuga á leiklist.“

Birta

„Tónlistarmaður eða leikari sko. Ég hef samt meiri áhuga á tónlistinni.“

Benjamín

Einn viðmælandi sagðist ekki getað sé sig vinna við neinar listir í framtíðinni en vildi fremur halda í þetta sem sína tómstund.

„Mér finnst alveg gaman að leika en ég held að ég sé ekkert endilega að stefna á það, gæti alveg verið áhugamál til hliðar.“

Björg

7.2 Reynslunám

Þegar komið var að því að tala um reynsluna voru viðmælendur sammála um að mikið reynslunám fælist í þátttöku í Skrekk. Flest þeirra höfðu keppt áður og töluðu þá um að í fyrsta skipti sem þau tóku þátt voru þau að farast úr stressi en í seinna/seinni skipti var þetta bara afskaplega gaman og meiri spenningur heldur en stress sem yfirtók þau. Þrír viðmælendur nýttu sér fyrri reynslu af Skrekk til þess að vera betur undirbúin fyrir næstu keppni.

„Í fyrra skiptið þá fékk ég bara sko, ætlaði ég bara að kúka af panikki (hlær), þetta var bara alltof mikið stress.“

Birta

„Þegar maður var yngri sko þá var maður ógeðslega stressaður og þú veist bara að drepast. En svo þegar maður varð eldri þá var þetta bara rosalega gaman og maður var rosaleg spenntur.“

Benjamín

Það kemur fyrir að einstaklingar gera sér ekki grein fyrir því þegar reynslunám á sér stað. Á meðan viðtölin voru í gangi tóku rannsakendur eftir því hvað viðmælendur töluðu mikið um að það hvað þau hefðu gert mikið á æfingarferlinu sínu fyrir Skrekk. Þau lærðu að semja handrit, leikstýra, skipuleggja, hanna búninga og ýmislegt fleira.

„Við þurftum að semja allt sjálf, ákveða búninga.“

Birta

„Ég lagði rosaleg mikla vinnu í þetta ásamt nokkrum krökkum og við svona eiginlega bjuggum til atriði og leikstýrðum því og sáum um þetta.“

Benjamín

Allir viðmælendur töluðu um dans sem mátti finna í atriðinu. Sumir höfðu aldrei dansað og því var stórt skref að fara upp á sviðið í Borgarleikhúsinu að dansa. Einnig fólst mikil reynsla í því að semja eigin dans.

„Við fórum að skoða myndbönd af öðrum dönsurum og þá fór maður að læra að búa til dans þú veist, taka eitt skref þaðan og annað skref þarna og þá ertu búin að læra að búa til eitt dansspor úr mörgum myndböndum. Setja saman þinn eigin dans og maður lærði líka það til dæmis ég kunní ekkert að búa til dans áður.“

Birta

„Ég lærði náttla að dansa.“

Baldur

Einn viðmælandi fór aðeins dýpra í reynsluna og talaði um meira sjálfstraust og að læra að kynnast nýju fólki sem hann hafði gengið í skóla með í mörg ár og séð á hverjum degi en aldrei talað við.

„Mér finnst það gefa sumum meira sjálfstraust þú veist þar sem þetta er svona eins og ég hef sagt þetta er fyrir framan mikið af fólki, þú veist ég gat dansað fyrir framan fullt af fólki eða talað þú veist þarna fyrir framan fullt af fólki þá hlýt ég að geta þetta. Þetta er svona, maður lærir að treysta sjálfum sér betur þetta er svona boostar mann skilurðu þannig séð. Síðan lærir maður bara að tala við eins og ég þekkti ekkert alla ég er ekkert að tala við alla sem eru í bekknum fyrir neðan mig en þegar þau eru komin í þennan skrekkshóp þá þekkir maður miklu betur, maður lærir að kynnast fólk miklu betur ég meina jafnvel þótt maður hittir þau á hverjum degi þá þekkir maður þá ekki ég sérstaklega.“

Björg

7.3 Forgangsröðun og álag

Keppni eins og Skrekkur krefst mikils undirbúnings af hálfu unglínganna. Þátttakendur eru ekki einungis að keppa á ákveðnu kvöldi heldur verja þeir miklum tíma að í að undirbúa atriðið sitt fyrir keppnina. Fyrst byrjuðu þau á að semja nokkur handrit og út frá því þarf að velja handrit til þess að nota. Bara þessi hluti tók nokkurn tíma þar sem nokkuð mörg handrit voru send inn. Eftir að handrit var valið þurfti að finna einstaklinga til þess að leika, dansa, spila á hljóðfæri og fleiri til þess að taka þátt í atriðinu. Svo tóku við æfingarnar og var það skylda fyrir þátttakendur að mæta á allar æfingar. Viðmælendur töluðu allir um álag, þó mismikið. Ein eitt var alveg á hreinu að á einhverjum tímamarki mátt finna fyrir miklu álagi.

„Þú veist þú þarft að vera þarna og það er alveg frekar mikið álag skilurðu að þurfa að vera þarna eða einmitt þú tekur ekki þátt nema þú getur verið þarna.“

Birta

Þrír viðmælendur tóku sérstaklega fram að fyrir Skrekks æfingar þurftu þau að forgangsraða ýmsu. Allir viðmælendur voru að æfa eitthvað fyrir utan skóla eða í skipulögðum tímstundum svo sem handbolta, fótbolta eða annað. Í stað þess að mæta á æfingar og jafnvel fjölskylduboð fóru viðmælendur frekar á Skrekks æfingar.

Það var greinilegt að unglingarnir helguðu Skrekk sinn tíma. Þeim finnst þetta vera mikilvæg keppni að þau eru tilbúin að „fórna“ ef svo má segja ýmsu til þess að mæta á Skrekks æfingar og þar má sjá að viðmælendurnir tóku þessa keppni mjög alvarlega. Þegar viðmælendur voru spurðir hvort það hafi verið þess virði að sleppa ýmsu fyrir Skrekk voru þau öll sammála um það og þau hefðu ekki viljað að breyta neinu.

„Svo sleppti maður alveg fjölskylduboðum en það er svona sem maður þarf stundum til að leggja sig betur fram í þetta.“

Björg

„Fórnaði mörgum fótboltaæfingum það var alveg frekar erfitt að sleppa fótboltaæfingum.“

Benjamín

„Ég þurfti að fórna miklu sko. Ég æfi handbolta og stundum var mikilvæg Skrekks æfing og keppni á sama tíma og þá þurfti maður að fara bæði eða bara velja upp á milli og ég þurfti að sleppa helling af handboltaæfingum. Það var frekar óþægilegt en þess virði.“

Birta

Ásamt þessu stóð upp úr að viðmælendurnir voru ekki einungis að æfa sig á æfingarstaðnum með Skrekks hópnum heldur voru þeir einnig að æfa sig heima hjá sér. Þá var átt sérstaklega við þá aðila sem voru að dansarar í atriðinu þeirra. Þeir aðilar sem voru dansarar fóru heim eftir skóla og/eða æfingar einungis til að halda áfram að æfa sig sem þeim fannst alls ekki leiðinlegt því að þeim fannst nú mjög gaman að dansa og einn viðmælandi tók það sérstaklega fram að hann hafi aldrei haft neinn sérstakan áhuga á dansi fyrr en þarna. Einnig tóku þau upp dansana og sendu sín á milli til þess að sjá sporin og hvernig aðrir gerðu þetta.

„...dansararnir voru líka mikið fyrir utan þú veist æfingartíma og þú veist utan skóla að gera dansinn. Við áttum líka alveg að æfa okkur heima hjá okkur.“

Björg

7.4 Starfsfólk keppinnar og atvinnuleikhús

Gott starfsfólk í kringum viðburði eins og Skrekk er stór liður í því að allt gangi sem best, en samkvæmt viðmælendum eru þeir (unglingarnir) að hanga upp í Borgarleikhúsinu allan daginn á meðan rennsli á atriðum eiga sér stað og svo seinna um kvöldið þegar þau eru að bíða eftir að komast á sviðið til þess að sýna atriðið sitt. Viðmælendur voru allir einróma um að starfsmenn Skrekks hefðu staðið sig með þryði, verið „chillaðir“, það var gott andrúmsloft og starfsmennirnir sýndu fyrirmyndar framkomu í garð unglingsanna.

„Þetta var mjög svona chill fólk. Þægilegt starfsfólk sem var ekki pirrað og leiðinlegt.“

Björg

„Ef þau voru stressuð þá erum við sko miklu meira stressuð, þau bara gerðu allt sem þau áttu að gera.“

Benjamín

Einnig voru þau sammála um að upplýsingaflæði hefði verið gott og náðu þau að skila hlutunum frá sér á skiljanlegan hátt og voru tilbúnir að taka öllu með opnum hug og koma á móts við fyrirspurnir unglínganna. Þetta fannst öllum unglíngunum frábært og fundu þeir fyrir því að starfsmennirnir komu vel fram við þau og á jafningjagrundvelli.

„Allir voru mjög næs og allir sýndu okkur nákvæmlega hvað allt var, það var ekkert óljóst.“

Birta

Skrekkur hefur verið haldinn á stóra sviðinu í Borgarleikhúsinu síðan árið 2000. Að taka þátt í Skrekk gefur þátttakendum tækifæri á að stíga á svið í atvinnuleikhúsi og það leyndi sér ekki í viðtölunum hvað viðmælendum fannst það merkilegt. Skrekkur gaf þeim tækifæri á að stíga á svið og að þeirra mati fá að upplifa hvernig það er að vera atvinnu listamaður á sviði, nýtt sjónarhorn. Þetta vakti hjá þeim áhuga sem þau vissu jafnvel ekki fyrir að væri til staðar. Það að keppnin sé haldin í Borgarleikhúsinu ýtir undir mikilvægi keppinnar og hversu alvarlegt mál þetta sé að mati viðmælenda.

„Þú veist manni líður eins og einhverjum leikara.“

Björg

„Þegar þú ert komin í Borgarleikhúsið skilurðu þá er þetta ógeðslega stórt mál, fyrir mig allavega. Þetta er miklu meira svona alvöru því þetta er í svona atvinnuleikhúsi. Þetta er í Borgarleikhúsinu.... Þetta er í Borgarleikhúsinu og er miklu meira þú veist það eru alvöru dómarrar, alvöru dómnefnd og þetta er svo miklu meira en bara skólaleikrit.“

Birta

7.5 Tækifæri

Skrekkur er hæfileikakeppni og þar koma saman fjölmargir hæfileikaríkir unglingar í þeim tilgangi að sýna sína uppskeru. Keppnin er haldin í Borgarleikhúsinu á stóra sviðinu og töluðu viðmælendur mikið um það hvað það væri stórt mál. Einnig er keppnin sýnd í sjónvarpinu sem er alls ekki slæmur hlutur fyrir þátttakendur Skrekks því þarna er tækifæri fyrir þau að stíga fram, sýna hæfileika sína og með því ná til margra. Þetta er ekki tækifæri sem býðst hvenær sem er og því er flott fyrir unglinga sem hafa áhuga á þessu sviði að fá að koma þarna fram.

„Þeir sem vilja skilurðu taka þátt og hafa kannski áhuga að gera svona í framtíðina þá er náttla gott að byrja eitthverstaðar og þarna er gaman að byrja og koma fram.“

Baldur

„Mér finnst ég svona koma mér á framfæri. Af því að mig langar ógeðslega mikið að gera eitthvað í leiklist eða söng og með því að fá tækifæri til að fara uppá svona stórt svið, fyrir framan svona marga, það er mikilvægt fyrir mig sjálfan.“

Benjamín

„Þetta er bara svo skapandi og skemmtilegt og gefur fólki tækifæri til að koma fram sem getur það ekki.“

Birta

7.6 Hópurinn

Í undirbúningi fyrir Skrekk verja unglingar miklum tíma saman. Þetta eru unglingar sem eru saman í skóla og verja svo enn meiri tíma saman eftir skóla, bæði á æfingum og heima hjá sér. Viðmælendur voru sammála um að í þessu ferli hefði hópurinn sem tók þátt í atriðinu orðið þéttur og þau hafi unnið vel saman. Aldrei komu upp vandamál eða átök eins og á til að gerast í unglindahópum.

„Já núna gekk þetta geðveikt vel það kom aldrei upp eitthver vandamál eða vesen eða eitthvað þannig þú veist það var ekki eitthvað það var aldrei eitthvað svona rifrildi.“

Birta

Mikil vináttutengsl sköpuðust á æfingarferlinu þeirra í hópnum. Að vinna sem hópur gaf einum viðmælenda tækifæri á að kynnast fleirum og að rækta samskiptahæfni sína.

„...hópurinn sem við erum á Skrekk, verður ógeðslega náinn af því við erum á ógeðslega mörgum æfingum og við erum alltaf saman að gera þetta og fyrst erum við ógeðslega mikið að tala saman. Þetta dregur okkur nær hvor öðru.... Ég þekkti ekkert alla ég er ekkert að tala við alla sem eru í bekknum fyrir neðan mig en þegar þau er komin í þennan Skrekkshóp þá þekkir maður þau miklu betur, maður lærir að kynnast fólki betur meina ég jafnvel þó maður hittir þau á hverjum degi þá þekkir maður þá ekki ég sérstaklega.“

Björg

Viðmælendur töluðu einnig um að einstaklingar í hópnum lögðu mismikið fram í þetta. Sumir litlu á þetta einungis til gamans gert á meðan aðrir litu á þetta sem tækifæri sem kæmi mögulega aldrei aftur. Þá mættu þau misvel á æfingar sem gat verið óþægilegt, því ef einn vantaði gat það eyðilaggt alla æfinguna.

„Ef þú kemur ekki á æfingu þá er æfingin bara ónýtt eða þú veist það vantar þá það vantar þá partinn í atriðinu.“

Birta

„Hjá sumum var það bara að þeim langaði að vera þarna meðan fyrir aðra snérist þetta upp á líf þeirra.“

Benjamín

7.7 Mikilvægi Skrekks

Kveikjan að rannsókninni var fyrirbærið Skrekkur og hvað þessi keppni hefur að færa fyrir þátttakendur. Þegar rannsakendur spurðu um keppnina og mikilvægi hennar voru allir viðmælendur mjög jákvæðir gagnvart henni og ræddu þau um það hvað þau voru spennt

yfir því að fá að taka þátt. Allt í kringum keppnina er svo spennandi og var samhljómur hjá viðmælendum um það að þessi keppni væri afskaplega mikilvæg. Keppnin væri vettvangur fyrir þá til þess að gera hvað sem þau vilja.

„Hún er mjög mikilvæg þá sérstaklega fyrir okkur nemendurna. Þetta er góður vettvangur til að gera eiginlega sem maður vill. Þetta er keppni sem mjög mörgum hlakkar til að taka þátt í og öllum finnst skemmtilegt að fylgjast með þessu.“

Björg

„Ef þið hafið áhuga takið þátt bara fyrir hvern sem er, sko þetta er alveg þú veist það er alltaf þú veist það er dans, það er leikur, það er möguleiki að hafa söng, það er möguleiki að hafa hljómsveit, það er möguleiki að gera allt, þú veist þú gætir.“

Birta

„Þú veist ef ég hefði ekki verið í Skrekk þá mundi ég veit ekki hvort ég mundi þú veist þora sjálfur.“

Benjamín

Út frá þessari spurningu vildu rannsakendur forvitnast um það hvað þeim fyndist ef þessi keppni yrði lögð niður. Í gegnum viðtölin var það greinilegt fyrir rannsakendum að þessi keppni er mjög mikilvæg fyrir unglunga og sérstaklega þá sem hafa áhuga á listum. Baldur Arngrímsson talaði um söngvakeppni Samfés en tók sérstaklega fram að þar mætti bara syngja en í Skrekk væri hægt að gera hvað sem er.

Spurningin hljóðaði svo: Ef keppnin yrði lögð niður, heldur þú að það myndi skipta máli?

“Ég myndi bara ekki vera glöð. Þetta er bara svo skapandi og skemmtilegt og gefur fólki tækifæri þú veist eins og fólki sem vill koma fram en getur það ekki. Þá er þetta sénsinn þinn skilurðu? Því allir grunnskólar eru boðnir eða já á höfuðborgarsvæðinu.”

Birta

“Þú veist ef ég hefði ekki verið í Skrekk þá mundi ég veit ekki hvort ég mundi þú veist þora sjálfur eða væri tækifærið að gera eitthvað á þessu sviði til dæmis ef að það væri fyrir framan marga. Þarna fékk maður svona hvað heitir það, reynslu fyrir framan marga þú veist og á stóru sviði.”

Benjamín

7.8 Boðskapur

Það kemur fram í máli viðmælenda að flest atriðin í Skrekk höfðu einhvern boðskap að bera. Atriðin settu eitthvað fram sem snerti hjartað hjá áhorfendum og margir með málefni sem eru í umræðunni í dag. Einn viðmælandinn kom því á framfæri að þetta væri meira en eitthvað leikrit með eingöngu skemmtanagildi og það þyrfti að vera einhver boðskapur, það gæfi atriðinu meiri þýðingu.

„Ég að átta mig á því að það þarf skilurðu að vera einhver boðskapur, það er boðskapur í þessu og þetta er miklu meira svona listrænt heldur bara eitthvað svona eitthvað leikrit. Miklu meira, það er saga bakvið hvert leikrit. Mér finnst það þurfi að vera einhver boðskapur eða þú veist ég spyr þú veist ef ég spyr einhvern ég þú veist spyr alltaf þú veist hver er boðskapurinn eða hver er

ástæðan, af hverju gerðuð þið þetta þú veist, gefur atriðinu meiri þýðingu og flottara og merkilegri í rauninni finnst mér.”

Birta

8 Umræður

Markmið þessara rannsókna var að fá að vita hvað þátttakendur í Skrekk, hæfileikakeppni grunnskóla í Reykjavík upplifa við það að taka þátt í keppninni, allt frá undirbúningsferlinu að undanúrslitakvöldinu sjálfu þar sem þau keppa. Rannsakendur höfðu það markmið að svara spurningunni: *Hver er upplifun unglinga sem taka þátt í Skrekk, hæfileikakeppni grunnskóla í Reykjavík?*

Skrekkur gengur út á það að leyfa unglingum að sýna uppskeru sína í sviðslistum, setja upp leikverk (Reykjavíkurborg, 2014:4). Allir viðmælendurnir hafa mikinn áhuga á listum og að koma fram, því kom það rannsakendum ekki á óvart að þessir ákveðnu viðmælendur væru þátttakendur í Skrekk. Oftar en ekki fara unglingar að velta fyrir sér heimspekilegum hlutum um lífið og tilveruna út frá þeim vangaveltum byrja þeir að finna fyrir tilfinningunni að skapa eitthvað svo sem semja sögu, yrkja ljóð eða annað (Aldís Guðmundsdóttir, 1992:198). Skrekkur er því kjörinn vettvangur fyrir unglinga að fá þessa útrás til að tjá sig á listrænan hátt. Unglingarnir höfðu sömu sýn og Reykjavíkurborg með markmiðum Skrekks.

Þegar skoðað er líkan Kolbs (1984:12) vildi hann meina að í þessum námshringinn færu einstaklingar í gegnum fjögur skref til þess að aðlagja sig að nýrri reynslu sem væri svipuð eldri. Með því getur einstaklingur verið undirbúinn undir komandi verkefni sem hann hefur áður tekið þátt í. Þrír viðmælendur ræddu um það að þau höfðu áður tekið þátt í keppninni. Í fyrstu var mikið stress því þau vissu ekki út í hvað þau væru að fara og höfðu aldrei upplifað þetta áður en síðan gátu þau yfirfært þessa reynslu sína yfir á næstu keppni.

Við vinnslu rannsóknarinnar kom það skýrt fram að viðmælendurnir helguðu sig Skrekk, að mæta á æfingar og leggja sig öll í það að gera atriðið sem veglegast. Rannsakendum fannst það áhugavert hvað viðmælendur voru tilbúnir að sleppa miklu svo sem skipulögðum tómsundum (t.d. íþróttæfingar) og fjölskylduboðum til þess að mæta á Skrekks-æfingu. Aðdáunarvert var hversu sammála þau voru um að þau hefðu ekki viljað breyta neinu þótt þetta hafi verið tímafrekt. Það má því segja að Skrekkur skiptir þau miklu máli þar sem að þau voru tilbúnir að nýta tímann sinn utan skóla í þetta.

Niðurstöður rannsóknarinnar leiddu það í ljós að allir viðmælendurnir voru afar ánægðir með starfsfólk Skrekks og að starfsfólkið komu vel fram við unglíngana og var starfsfólkið ávallt til staðar þegar viðmælendur vantaði eitthvað. Það samræmist niðurstöðum rannsóknar Beam, Chen og Greenberger (2002:305-325) um að þeir fullorðnu aðilar sem unglíngar vilja umgangast þurfa að koma fram við þá af virðingu og standa þétt við bakið á þeim. Einnig nefndi Benjamín Albertsson það að skap starfsfólks skipti máli því það smitar auðveldlega út frá sér til unglíngana. Hulda Valdís Valdimarsdóttir og Adda Rún Valdimarsdóttir vilja meina að unglíngar spegli sig í þeim aðilum sem þeir umgangast (e.d.:4-35) sem samsvarar því sem Benjamín Albertsson sagði.

Samkvæmt Erikson (1971:128-129) eru allir viðmælendurnir á fimmta þroskaskeiði. Það þroskaskeið gengur út á að finna sína eigin sjálfsmynd. Hugmyndin að sjálfinu fer að myndast og unglíngurinn reynir að átta sig á hvaða stefnu hann vill taka í lífinu (Everall, Bostik og Paulson, 2005:696.; Vander Kolk, 1985:308). Allir viðmælendur nefndu það að Skrekkur veitir unglíngum tækifæri á að koma sér á framfæri og þrír sögðu að þau sæju sig vinna við það að koma fram í framtíðinni sem listamenn. Tengingu má því sjá hjá svörum viðmælenda og hugmyndum Everall, Bostik, Paulson (2005:696) og Vander Kolk (1985:308) um það að unglíngar reyna að átta sig á framtíð sinni, hvað þeir vilja gera. Eins og Benjamín Albertsson sagði þá er Skrekkur mikilvægt tækufærifyrir hann sjálfan að koma sér á framfæri því hann vill leggja leiklist og söng fyrir sig í framtíðinni. Viðmælendur nefndu einnig að það væri stórt mál fyrir þeim að fá að koma fram í atvinnuleikhúsi og þar liggja tækifærið í að fá að upplifa það hvernig er að vera atvinnulistamaður á sviði. Rannsakendum fannst mjög skemmtilegt að heyra að viðmælendurnir væru að setja sig í spor annarra, víkka sjóndeildarhringinn og að það ýtti undir áhuga þeirra á sviðslistum.

Í Skrekk þurfa unglíngar að vinna saman sem hópur. Það þarf ekki endilega að vera þannig að unglíngarnir þekkist vel þó svo þau séu í sama skóla. Viðmælendur sögðu öll að hópurinn hefði unnið vel saman og urðu þau mjög nán. Viðburður sem þessi veitir gott tækifæri til að mynda persónuleg tengsl og skapa samkennd innan hópsins (Reykjavíkurborg, 2014:4.d). Björg Arnórsdóttir sagði að vera í Skrekkshópnum veitti henni það tækifæri að læra að tala við nýtt fólk og þar af leiðandi bæta samskiptahæfni sína. Gladding (2003:275-276) vildi meina að samskiptahæfni sé eitt það mikilvægasta sem við lærum og hefur það áhrif á hvernig einstaklingum gengur þegar þeir fullorðnast.

Því má segja aðdragandi Skrekks veitir unglingum þann möguleika á að þjálfa upp samskiptahæfni sína.

Þegar er upp er staðið var tilgangur þessarar rannsóknar upplifun unglunga sem taka þátt í Skrekk. Með spurningum vildu rannsakendur komast að því hvort Skrekkur væri mikilvægur vettvangur fyrir unglunga og menningu þeirra. Að þeirra mati er Skrekkur frábær vettvangur fyrir unglunga til þess að tjá sig, koma sér á framfæri, skapa list, bæta samskiptahæfni og taka þátt í viðburð sem skapar þeim dýrmæta reynslu. Þetta er keppni sem dregur fólk saman og leyfir þeim að uppgötva nýja hliðar á sjálfum sér. Það er mikil eftirvænting sem ríkir meðal unglunga í kringum Skrekk. Eins og viðmælendur tóku oft fram þá er þetta keppni þar sem unglingar geta gert hvað sem er í sviðslist hvort sem það er að syngja, leika, dansa eða spila tónlist. Birta Arnarsdóttir tók sérstaklega fram að leikverkin sem væru að keppa eru yfirleitt með einhvern sérstakan boðskap. Það gefur verkinu meiri þýðingu. Samkvæmt kenningu Piaget fara unglingar að spá í umheiminum í kringum sig, hvað sé rétt og rangt. Þeir eru ekki fastir í sínum hversdagslega heimi heldur fara þeir að hugsa út fyrir stað og stund (Charles, 1981:22). Með því að sýna sviðslistaverk sem hefur boðskap eru þátttakendur keppninnar að líta út fyrir sjóndeildarhringi sinn og átta sig á að það sé meira að gerast í heiminum en það sem þau sjá í sínu hversdags lífi. Með þátttöku unglunga í Skrekk eru þeir að þróa með sér nýjar hæfni, nýta sér fyrrum reynslu, kynnast nýjum heimi og uppgötva sjálf sig. Öll þessi upplifun er af jákvæðum toga sem gæti mögulega nýst þeim í komandi framtíð.

Þegar litið er til baka hefðum við viljað fá fleiri viðmælendur. Þar sem við tókum viðtöl við fjóra unglunga úr einum skóla voru svör þeirra svipuð og hefði því verið gott að fá breiðari skoðanir. Ekki er hægt að yfirfæra niðurstöður á alla unglunga í Reykjavík. Því hefði verið gott að fá viðmælendur úr mismunandi skólum og jafnvel á mismunandi aldri. Með því hefðum við getað jafnvel fengið að sjá hvort unglingar upplifi viðburðinn á mismunandi hátt út frá því hvaða skóla þeir eru í, það hefði verið áhugavert að skoða.

Heimildaskrá

- Adda Rúna Valdimarsdóttir og Hulda Valdís Valdimarsdóttir (ritstjórar). (e.d.). *Starfsmannahandbók félagsmiðstöðva ÍTR*. Reykjavík: Íþróttá- og tólmstundasvið Reykjavíkur.
- Aldís Guðmundsdóttir. (1992). *Sálfræði: Vöxtur og þroski* (2.útgáfa). Reykjavík: Mál og menning.
- Anna Jeppesen og Ása Helga Ragnarsdóttir. (2004). Leiklist í kennslu, handbók fyrir kennara. Reykjavík: Námsgagnastofnun.
- Álfgeir Logi Kristjánsson, Jón Sigfússon, Inga Dóra Sigfúsdóttir og Hrefna Pálsdóttir. (2012). *Ungt fólk 2012: Menntun, menning, íþróttir, tólmstundir, hagir og líðan nemenda í 8., 9. og 10.bekk grunnskóla*. Sótt af <http://www.samband.is/media/lydraedi---mannrettindi/Ungt-folk-2012-vefutgafa.pdf>.
- Árni Guðmundsson. (2007). *Saga félagsmiðstöðva í Reykjavík*. Hafnarfjörður: höfundur.
- Beam, M. R., Chen, C. og Greenberger, E. (2002). The nature of adolescents relationships with their „very important“ nonparental adults. *American Journal of community psychology*, 30(2). 305-325. doi:10.1023/A:1014641213440
- Berger, K.S. (2011). *The Developing Person Through The Life Span*. (8.útgáfa). New York: Worth Publishers.
- Bryndís Björk Ásgeirsdóttir og Inga Dóra Sigfúsdóttir. (2004). *Um gildi tónlistarnáms fyrir íslensk ungmenni: Niðurstöður rannsókna meðal nemenda í 9. og 10.bekk grunnskóla á Íslandi*. Reykjavík: Rannsókn og greining.
- Bungay, H. og Burrows, T. (2013). The effects of participating in creative activities on the health and well-being of young children and young people: a rapid review of the literature. *Public Health*. 133(1). 44-52. doi:10.1177/1757913912466946.
- Burges, P. (1992). Improvisational acting and language learning. *English teaching forum*, 30(4), 20-23.
- Charles, C. M. (1981). *Litla Piaget kverið*. (Jóhann S. Hannesson þýddi). Reykjavík: Námsgagnastofnun.

- Dewey, J. (2000). *Hugsun og menntun*. (Gunnar Ragnarsson þýddi). Reykjavík: Rannsóknarstofnun.
- Eisner, E. W. (2002). *Arts and the creation of mind*. New Haven: Yale University.
- Erikson, E. H. (1971). *Identity: Youth and crisis*. London: Faber og Faber.
- Everall, R. D., Bostik, K. E og Paulson, B. L. (2005). I'm sick of being me: Developmental themes in suicidal adolescent. *Adolescence*, 40(160). 693-708. Sótt af <http://eds.b.ebscohost.com/eds/pdfviewer/pdfviewer?sid=c2754a53-247b-4407-abd5-cc4a59511126%40sessionmgr104&vid=0&hid=117>.
- Evrópa unga fólksins. (e.d.). Óformlegt nám. Sótt af <http://www.euf.is/gagnabanki/oformlegt-nam/>.
- Getz, D. (2012). *Event Studies: Theory, Research and Policy for Planned Events*. New York: Routledge.
- Gladding, S.T. (2003). *Group work: A counselling specialty*. (4.útgáfa) New Jersey: Prentice Hall.
- Haukur Ingi Jónasson og Helgi Þór Ingason. (2012). *Samskiptafærni: Samskipti, hópar og teymisvinna*. Reykjavík: JPV útgáfa.
- Helga Jónsdóttir. (2013). Viðtöl í eiginlegum og meginlegum rannsóknum. Í Sigríðar Halldórsdóttir (ritstjóri), *Handbók í aðferðafræði rannsókna* (bls. 137-157). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.
- Hille, A. og Schupp, J. (2014). How learning a musical instrument affects the development of skills. 40, *Economics of education review*. Sótt af <http://www.sciencedirect.com/science/article/pii/S0272775714000995>.
- Hrefna Pálsdóttir, Jón Sigfússon, Ingibjörg Eva Þórisdóttir, Margrét Lilja Guðmundsdóttir, Álfgeri Logi Kristjánsson og Inga Dóra Sigfúsdóttir. (2015). *Ungt fólk 2014, grunnskólar: Menntun, menning, félags-, íþrótt- og tómstundastarf, heilsa, líðan og vímuefnaneysla unglinga í 8., 9. og 10. bekk á Íslandi: samanburður rannsókna árin 2000-2014. Staða og þróun yfir tíma*. Reykjavík: Rannsókn og greining.
- Jakob Frímann Þorsteinsson. (2011). *Að leika, læra og þroskast úti: Um útilíf, úti- og ævintýranám í frístundum og skólastarfi*. Reykjavík: Áskorun.

- Katrín Blöndal og Sigríður Halldórsdóttir. (2013). Úrtök og úrtaksaðferðir í eiginlegum rannsóknnum. Í Sigríður Halldórsdóttir (ritstjóri), *Handbók í aðferðafræði rannsókna* (bls.129-136). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.
- Kolb, D. A. (1984). *Experiential learning. Experience as the Source of Learning and Development*. Englewood Cliffs, NJ: Prentice-Hall.
- Kristín Á. Ólafsdóttir. (2005). Fræ í grýtta jörð – eða framtíðarblómstur. Um þróun og framtíðarhorfur leikrænnar tjáningar í íslenskum grunnskólum. *Netla – Veftímarit um uppeldi og menntun*. Sótt af <http://netla.hi.is/greinar/2005/003/index.htm>.
- Kristín Þórarinsdóttir og Rúnar Sigþórsson (2013). Starfenda- og þátttökurannsóknir. Í Sigríður Halldórsdóttir (ritstj.), *Handbók í aðferðafræði rannsókna* (bls. 347- 359). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.
- Leitner, M. J. og Leitner, S. F. (2012). *Leisure enhancement*. (4.útgáfa). Illinois: Sagamore Publishing.
- Lovett, P. (2015). From physical fitness to a better mood: The health and benefits of dancing. Sótt af <http://www.express.co.uk/life-style/health/618363/Health-benefit-dancing-depression-fatigue-workout>.
- Lu, L og Hu, C. H. (2005). Personality, leisure experience and happiness. *Journal of happiness studies*, 6(3). DOI: 10.1007/s10902-005-8628-3.
- Lýðheilsustöð og Háskólinn á Akureyri. (2006). *HSBC, heilsa og lífskjör skólanema. (Spurningalisti A fyrir 10.bekk)*. Reykjavík: Lýðheilsustöð og Háskólinn á Akureyri.
- Músíktílaunir (e.d.). Um Músíktílaunir. Sótt af <http://musiktilraunir.is/um-musiktilraunir>.
- Newman, B.M. og Newman, P.R. (2001). Group Identity and Alienation: Giving The We Its Due. *Journal of Youth and Adoloxcence*, 30(5). 515-538. doi 10.1023/A:1010480003929.
- Pieper, J. (2009). *Leisure. The basis of Culture*. San Francisco: Ignatius.
- Priest, S. og Gass, M. A. (2005). *Effective Leadership in Adventure Programming* (2.útgáfa). Bandaríkin: Human Kinetics.
- Quinn, B. (2013). *Key Concepts in Event Management*. London, Thousands Oaks Kalifornía: Sage.

- Reykjavík. (e.d.). Skrekkur. Sótt af <http://www.reykjavik.is/skrekkur>.
- Reykjavík. (2014). Forvarnarstefna Reykjavíkurborgar 2014-2019. Sótt af http://reykjavik.is/sites/default/files/yomis_skjol/skjol_utgefid_efni/forvarnastefna_reykjavikur_net.pdf.
- Reykjavíkurborg. (2014). *Skrekkur, hæfileikakeppni skóla- og frístundarsviðs: Tillögur starfshóps*. Sótt af http://reykjavik.is/sites/default/files/yomis_skjol/skjol_utgefid_efni/skyrsla_rynihops_skrekk-020914_loka_2.pdf.
- Shaw, M. E. (1976). *Group dynamics: The psychology of small group behavior*. Montreal: McGraw-Hill Book Company.
- Shone, A. og Parry, B. (2013). *Successful Event Management: A Practical Handbook* (4. útgáfa). Bretland: Cengage Learning EMEA.
- Sigurjón Björnsson. (1986). *Erik. H. Erikson: Ævi hans og kenningar um unglingsárin*. Reykjavík: Háskóli Íslands.
- Sigurlína Davíðsdóttir. (2006). Hverjar eru kenningar Eriks H. Eriksons í uppeldis- og sálfræði? *Vísindavefurinn*. Sótt af <http://visindavefur.is/svar.php?id=5621>.
- Sigurlína Davíðsdóttir. (2013) Eigindlegar eða megingdlegar rannsóknaraðferðir? Í Sigríður Halldórsdóttir (ritstjóri), *Handbók í aðferðafræði rannsókna*. Akureyri: Háskólinn á Akureyri.
- Sigríður Halldórsdóttir. (2013). Fyrirbærafræði sem rannsóknaraðferð. Í Sigríður Halldórsdóttir (ritstjóri), *Handbók í aðferðafræði rannsókna* (bls.281-297) Akureyri: Háskólinn á Akureyri.
- Skólahreysti (e.d.). Skólahreysti - bakgrunnur. Sótt af <http://skolahreysti.lactea.net/Xodus.aspx?id=83&MainCatID=26&CatID=0>.
- Sóley S. Bender. (2013). Samræður í rýnihópa. Í Sigríður Halldórsdóttir (ritstjóri), *Handbók í aðferðafræði rannsókna*. Akureyri: Háskólinn á Akureyri.
- Stevenson, R. (2008). *Erik H. Erikson shaper of: identity*. New York: Palgrave Macmillan.
- Vander Kolk, C.J. (1985). *Introduction to group counseling and psychotherapy*. New Jersey: Prentice Hall.

Þórey Sigþórsdóttir. (2009). *Handbók fyrir leiklistarkennslu: Leikur, tjáning, sköpun*.
Reykjavík: Námsgagnastofnun.

Watt, D.C. (1998). *Event Management in Leisure and Tourism*. Edinborg: Pearson
Education Limited.

Williamson, H. (2005). Challenging Practice: a personal view on “youth work” in times of
changed expectations. Í R, Harrison og C. Wise (ritstjórar), *Working with Young
People*. London: Sage.

Viðauki 1: Leyfisbréf

Skrekkur hæfileikakeppni grunnskóla í Reykjavík, sýn unglunga

Rannsókn í BA. námi í tómskúla- og félagsmálafræði við Háskóla Íslands

Til foreldra/forráðamanna og unglings

Rannsóknin er unnin í tengslum við BA.nám í tómskúla- og félagsmálafræði við Háskóla Íslands. Markmið rannsóknarinnar er að fá skoðanir og sýn unglunga sjálfra á Skrekk, hæfileikakeppni grunnskóla í Reykjavík og finna út hver gildi keppninar eru að mati unglingsins. Rannsóknin fer fram undir handleiðslu kennara við Háskóla Íslands, Eyglóar Rúnarsdóttur aðjúnkt.

Þátttaka í rannsókninni er í formi viðtals. Viðtalið verður tekið upp til að auðvelda yfirsýn yfir viðtalið. Þegar viðtalinu er lokið munum við afrita viðtalið í læst skjal þar sem öllum nöfnum verður breytt. Því verður ekki hægt að rekja neinar upplýsingar né þekkja viðmælandann.

Unglingurinn þarf ekki að svara þeim spurningum sem hann ekki kys að svara í viðtalinu og við munum virða þá ákvörðun. Unglingnum er jafnframt frjálst að hætta þátttöku hvenær sem er ef hann óskar þess. Foreldrum er jafnframt heimilt að óska eftir því að unglungurinn hætti þátttöku ef þeir óska þess. Ef unglungurinn hættir þátttöku verða engir eftirmálar.

Undirritað samþykki þarf frá foreldrum/forráðamönnum þar sem þátttakandinn er yngri en 18 ára. Við biðjum því um að annað eintakið af þessu bréfi sé undirritað og unglungurinn komi með það með sér í viðtalið. Hitt eintakið er ætlað foreldrum/forráðamönnum og unglungi til eignar.

Ef einhverjar spurningar vakna má hafa samband í tölvopósti á eftirfarandi netföng: rob8@hi.is eða thd11@hi.is

Með bestu þökkum,

Róshildur Björnsdóttir og Þuríður Davíðsdóttir, nemar við Háskóla Íslands

Samþykki foreldris/forráðamanns

Samþykki unglings

Viðauki 2: Spurningar fyrir viðtöl

Almennar upplýsingar

- Kyn og aldur
- Hvað gerir þú utan skóla - opnara og gefur þeim færi á að segja sjálf hvað þau eru að fást við, t.d. í listgreinum.
- Ertu í einhverjum listgreinum í skóla eða utan skóla? (hvað)
- Sérðu þig fyrir þér að verða listamaður? (leiklist, söng, dans o.fl.)

Umgjörð keppinnar og fyrirkomulag

- Segðu okkur aðeins frá því hvernig þú upplifir allt í kringum Skrekk?
- Hvernig fannst þér starfsfólkið í kringum keppnina? (þeir sem sáu um keppnina, tókstu eftir þeim? fl.)
- Hvernig var stemmningin baksviðs?
- Hvað fannst þér um fyrirkomulagið á keppninni?
- Er eitthvað við keppnina sem þú vildi breyta? (hvað)
- Hvaða máli skiptir keppni eins og Skrekkur? Af hverju og fyrir hverja?
- Telur þú keppnina vera mikilvæga? (Afhverju/afhverju ekki?)
- Ef keppnin yrði lögð niður hvað mundi þér finnast um það?

Þátttaka unglingsins

- Segðu okkur aðeins frá þinni þátttöku í Skrekk
- Afhverju ákvaðst þú að taka þátt í Skrekk?
- Er mikið álag að taka þátt í Skrekk? (hvernig)

Þátttaka hópsins

- Hvernig var æfingaferlið?
- Hversu langt var æfingarferlið?

- Lögðuð þið sem hópur mikla vinnu í atriðið? En þú sjálf/ur?

Skrekkur

- Hvaða þýðingu hefur þessi keppni fyrir þig?
- Hvað finnst þér um keppnina?
- Vakti Skrekkur einhvern nýjan áhuga? (ef svo er hvað)
- Telur þú þig læra eitthvað á því að taka þátt? (hvað)

Að lokum

- Er eitthvað að lokum sem þér finnst skipta máli varðandi Skrekk og þú vilt koma á framfæri?